

ÚRSKURÐUR SIÐANEFNDAR RÍKISÚTVARPSINS

Í MÁLI NR. 1/2020

I. Inngangur og málsmeðferð.

Með bréfi dags. 31. ágúst 2020, lagði Samherji hf. kt. 610297-3079, Glerárgötu 30, 600 Akureyri (hér eftir nefndur *kærandi*) fram kæru um meint brot 11 starfsmanna Ríkisútvarpsins ohf. (hér eftir einnig *RÚV*) á ákvæðum 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins vegna birtingar færslna á samfélagsmiðlum allt frá nóvember 2019.

Kæran varðaði nokkra tugi færslna á samfélagsmiðlum hjá eftirtöldum starfsmönnum RÚV þeim Aðalsteini Kjartanssyni, Frey Gíjju Gunnarssyni, Helga Seljan, Láru Ómarsdóttur, Rakel Þorbergsdóttur, Sigmari Guðmundssyni, Snærós Sindradóttur, Stíg Helgasyni, Sunnu Valgerðardóttur, Þóru Arnórsdóttur og Tryggva Aðalbjörnssyni (hér eftir saman nefnd *kærðu*).

Með bréfi dags. 14. september 2020 voru undirrituð skipuð í siðanefnd Ríkisútvarpsins.

Með bréfi dags. 26. október 2020 lagði kærandi fram framhaldskæru vegna fjögurra færslna fréttamannsins Helga Seljan, settar fram á samfélagsmiðlum eftir að ofangreind kæra var lögð fram.

Þann 23. september 2020 var kæran ásamt fylgigögnum send ofangreindum kærðu og þeim gefinn kostur á að senda *greinargerð* með kröfum sínum og sjónarmiðum. Helga Seljan var síðar gefinn aukinn frestur vegna ofangreindrar framhaldskæru. Eftir að svör höfðu borist frá öðrum kærðu voru greinargerðirnar sendar kæranda til athugasemda með tölvupósti dags. 19. október 2020 og 2. nóvember 2020. Greinargerð Helga Seljan var send kæranda til athugasemda með tölvupósti dags. 14. nóvember 2020.

Þann 2. nóvember 2020 og 16. nóvember 2020 bárust athugasemdir kæranda við greinargerðir annarra kærðu en Helga Seljan en athugasemdir kæranda við greinargerð hans bárust 27. nóvember 2020. Athugasemdir kæranda voru allar þegar sendar til kærðu og þeim gefinn kostur á viðbótarathugasemdum.

Eftir að nefndinni var bent á að úrskurður fyrri siðanefndar RÚV, nr. 1/2019, hafi ekki verið birtur opinberlega (á heimasíðu RÚV), var hann sendur öllum aðilum málsins með tölvupósti dags. 17. nóvember 2020, en til hans hafði verið vitnað í sumum greinargerðum kærðu. Í kjölfarið barst viðbótarathugasemd frá kæranda dags. 27. nóvember 2020, sem send var öllum kærðu sama dag og þeim jafnframt gefinn kostur á athugasemdum.

Viðbótarathugasemdir bárust frá öllum kærðu nema Sunnu Valgerðardóttur. Voru þær allar sendar kæranda, til upplýsingar, dags. 30. desember 2020.

Til að tryggja hagsmuni málsaðila var, þann 10. nóvember 2020, að ósk nefndarinnar, þess farið á leit við alla aðila málsins að trúnaði yrði gætt varðandi málgögnin í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. reglna siðanefndar RÚV.

Með tölvupósti dags. 23. mars 2021 leitaði siðanefndin staðfestingar útvarpsstjóra á starfsheiti og stöðu Snærósar Sindradóttur á þeim tímapunkti sem hennar ummæli féllu á samfélagsmiðlum. Staðfesting barst frá útvarpsstjóra með tölvupósti dags. 24. mars 2021. Var pósturinn sendur kærðu Snærós Sindradóttur og kæranda til upplýsingar dag. 25. mars 2021.

Ekki kom til frekari athugasemda eða gagnaframlagningar af hálfu málsaðila og var málið því tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, enda er það mat nefndarinnar að framkomin kæra og framhaldskæra snerti siðareglur RÚV, sbr. 5. gr. reglna um siðanefnd RÚV.

II. Kröfur.

Kærandi hefur sett fram eftirfarandi kröfur:

- Þess er krafist að siðanefndin úrskurði að siðareglur Ríkisútvarpsins hafi verið brotnar í þeim tilvikum sem talin eru upp í málsatvikalýsingu kæru og framhaldskæru.
- Þess er krafist að siðanefndin taki afstöðu til alvarleika brotanna og greini þau í flokk sem mjög alvarleg.
- Þess er krafist að siðanefndin taki afstöðu til þess hvort um endurtekin brot sé að ræða.

Kærðu hafa sett fram þá kröfu að málinu verði vísað frá og/eða að staðfest verði að í ummælum þeirra hafi ekki falist brot á siðareglunum.

III. Málavextir.

Helstu málavextir eru þeir að í nóvember 2019, komst svokallað *Namibíumál* Samherja í háamæli, með birtingu tveggja Kveikspátta á RÚV. Áður hafði svonefnt *Seðlabankamál* Samherja verið til umfjöllunar á RÚV og víðar í fjölmiðlum. Ellefu starfsmenn RÚV birtu á tímabilinu nóvember 2019 til ágúst 2020 færslur á samfélagsmiðlum, sem kærandi telur brotlegar við siðareglur RÚV, þ.e. ákvæði 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins sem hljóðar svo:

„Starfsfólk, sem sinnir umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð tekur ekki opinberlega afstöðu í umræðu um pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni, þ. á m. á samfélagsmiðlum.“

Jafnframt birti einn starfsmaður RÚV, Helgi Seljan, fjórar færslur á samfélagsmiðlum í síðari hluta október 2020, sem kærandi telur jafnframt brot á sömu ákvæðum siðareglna RÚV og gerði athugasemdir við með framhaldskæru dags. 26. október 2020.

Atvikin sem kærandi hefur greint frá í kæru og fylgigögnum eru tilgreind hér á eftir. Þau orð sem eru hvað mest gildishlaðin og fela í sér afdráttarlausustu afstöðuna að mati kæranda eru feitletruð, og er þeirri framsetningu haldið hér. Feitletranirnar komu ekki fram í færslunum sjálfum.

1. Málsatvik sem varða Aðalstein Kjartansson.

Þann 15. nóvember 2019, birtir Aðalsteinn Twitter færslu, með textanum: „Hot take dagsins“, ásamt frétt af Stundinni um skoðun Gunnars Braga Sveinssonar Alþingismanns á Namibíu málinu.

Þann 28. nóvember 2019 kl. 17:44 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem segir: „Þetta er ekki einu sinni næstum því rétt. Kveikur hefur aldrei sagt að félagið væri í eigu Samherja. DNB vissi nefnilega ekkert hver átti Cape Cod Fs en áætlaði að það væri Samherji. Sem reyndist ekki hægt að staðfesta. Annað félag, JPC, sagðist í ofanálag eiga það. **Öll viðbrögð Samherjs eru á þann veg að ég velti fyrir mér hvort þeir hafi yfir höfuð lesið eða horft á umfjöllun Kveiks um málið.** En fyrst Samherji er til í að ræða Cape Cod, af hverju var starfsmaður ykkar með prókúruumboð á reikningi félagsins hjá DNB?“ Með færslunni deildi Aðalsteinn frétt af samherji.is um að Samherji hvorki hafi átt né stýrt Cape Cod FS.

Þann 3. maí 2020 kl. 15:18 deildi Aðalsteinn færslu Þrándar Þórarinssonar þar sem segir „Samherji“ og með fylgir mynd af málverki eftir Þránd. Á málverkinu sjást Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, og Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, halda á kampavinsglösum um borð í skipi sem merkt er kæranda. Um borð í skipinu sjást einnig fjórir sjómenn við vinnu sem eru málaðir með höfuðkúpur í stað andlita.

Þann 18. júní 2020 kl. 10:59 birtir Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem segir: „Já okei!“ Með færslunni deilir hann frásögn um erlenda fjárfestingu í Samherja nokkrum dögum fyrir Kveikspáttinn. Árni Guðmundsson skrifar ummæli við færslu Aðalsteins sem Aðalsteini líkar við. Í ummælunum segir: „...oft er raunveruleikinn lyginni líkastur ...eiginlega ekkert sem kemur manni að óvart lengur úr þessum ranni.“

Þann 8. júlí 2020 kl. 12:28 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem hann deilir færslu frá Kristni Hrafnssyni.

Kristinn segir: „Tveir sakborninga í Samherjamálinu voru í réttarsal í Namibíu í gær í tilraun til þess að fá lausn gegn tryggingu en þeir hafa setið í gæsluvarðaldi bíðandi

dóms í meira en hálf ár. Þetta eru fyrrum sjávarútvegsráðherra landsins, Bernhard Esau og tengdasonur hans Tamson „Fitty“ Hatuikulipi. Þetta var sögulegur dagur í þessu máli því í fyrsta sinn í réttarsal sýndi ákærvaldið á spilin og gerði grein fyrir málinu á ítarlegri hátt en áður. Á síðu dagblaðsins Informante var meðal annars fjallað um svikafléttu með tvíhliðasamningi við Angóla sem gerður var til að koma kvóta í hendur Samherja og lauma milljónum dollara úr landi í gegnum skúffufyrirtæki. Fjallað var um það hvernig spillingin sem þeir tengdafeðgar eru ásakaðir um aðild að hafi leitt til þess að 5000 manns í sjávarútvegi í Namibíu hefðu misstu vinnuna. Willem Oliver frá rannsóknarstofnun spillingamála í Namibíu (Anti-Corruption Commission - ACC) kom fyrir dóm og upplýsti að upplegg spillingarfléttunnar hefði verið handsalað á fundi á búgarði Bernhard Esau árið 2012 en í umfjöllun fjölmiðla á grunni Samherjaskjalana var greint frá því að þennan fund hefðu þeir setið Þorsteinn Már Baldvinsson og Aðalsteinn Helgason. Í blaðinu Namibian Sun er síðan einnig sagt frá því að ACC hafi upplýst að þeir hafi farið í gegnum síma James Hatuikulipi, eins sakborninga, eftir að hann var handtekinn og þar hafi fundist örvæntingarfullar beiðnir hans til Samherja um að þeirfeldu slóð peningana greiðslna sem Samherji sendi inn á leynireikning í hans nafni í Dubaí. Ekkert af ofangreindu hefur ratað í fjölmiðla á Íslandi. **Hins vegar þótti það fréttæmt að Hatuikulipi hefði gasprað um það fyrir dómi að uppljóstrarinn Jóhannes Stefánsson hefði dregið sér fé frá Samherja til að fjármagna fíkniefnaneyslu. Engin „fjárdráttur“ af því tagi hefur verið kærður á Íslandi eða Namibíu né heldur skýrt hvers vegna sakborningur í stærsta spillingarmáli Namibíu er svona annt um fjármál Samherja.** Það var Viljinn.is sem greindi frá þessu í gær en það er vettvangur fyrir áróður sem eigandi vefsins vill halda á lofti hverju sinni. DV þótti þessi „frétt“ Viljans svo áhugaverð að blaðið tók hana upp á sínu vefsvæði og loks fylgdi Mbl.is í kjölfarið með þennan áburð. Miðlarnir renndu hins vegar lipurlega og með aðdáunarverðum stórsvigshæfileikum framhjá öllum efnisatriðum sem fram komu í þessu fréttæma réttarhaldi.“

Þann 21. júlí 2020 kl. 15:40 birti Aðalsteinn færslu á Twitter, og deilir frétt af namíbiskum miðli (IPPR Namibia), og segir: „Það er farið að vekja athygli víða hvað íslensk yfirvöld virðast hafa lítinn áhuga á að rannsaka Samherjamálið. Eftir hverju er verið að bíða? #samherjaskjolin #fishrot“.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:52 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem segir: „**Nauðvörn Þorsteins Más og féлага í Samherjamálinu er að reyna að sannfæra fólk** um að gögn hafi verið fölsuð. Til að reyna að gera það að sannfærandi ásökun er sex ára gömul ólögleg upptaka dregin fram sem sýnir ekkert óeðlilegt, þó það sé gefið í skyn að hún sanni að gögn í Seðlabankamáli Samherja frá 2012 hafi verið fölsuð. **Það er ekki satt og gróf tilraun til að kaupa sér nýjan sannleika með framleiðslu á „heimildamynd“ sem hefur þann eina tilgang að koma Þorsteini og félögum frá því að svara einföldum spurningum**, sem aldrei hefur verið svarað, eins og: Hvað eru hundruð milljóna króna greiðslur til aðila tengdum sjávarútvegsráðherra Namibíu annað en mútur?“

Þann 12. ágúst 2020 kl. 12:52 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem segir: „Einföld spurning gæti verið: "Hundruð milljóna sem fóru frá Samherjafélögum á Kýpur til aðila tengdum sjávarútvegsráðherra Namibíu, **hvað eru það annað en mútur?**"“

Þann 12. ágúst 2020 kl. 12:52 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem hann deilir færslu frá Kristni Hrafssyni.

Kristinn segir: „Að gefnu tilefni. Þegar WikiLeaks undir minni stjórn ákvað að greina Samherjaskjölin og síðar birta 12. og 26. nóvember s.l. undir nafninu FishRot, var leitað til fjölda blaðamanna til að vinna úr þeim fréttir. Á annan tug blaðamanna vann að verkinu frá Al-Jazeera, Kveik á RÚV, Stundinni, Norska ríkisútvarpinu NRK og namíbíska dagblaðinu The Namibian. **Fordæmalausar árásir** Samherja á einn af þessum blaðamönnum, **með meiðyrðum og atvinnurógi**, eru **til marks um málefnastöðu fyrirtækisins**. Enn er neitað að svara spurningum um málið sjálft. Blaða- og dagskrárgerðarmönnum er vinsamlegast bent á að láta ekki draga sig inn í þennan moðreyk forsvarsmanna fyrirtækisins. Gefi þeir aftur kost á sér í viðtöl, spyrjið þá spurninga um kjarna málsins. Hér er ein augljós spurning sem kemur frá einum þeirra blaðamanna sem vann að málinu en fær líklegast aldrei tækifæri til að fá svör við: „Nú liggur fyrir staðfest og skjalfest að hundruð milljóna voru millifærðar af reikningum Samherjafélaga á Kýpur inná reikninga aðila sem eru nátengdir fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Namibíu. Hvað er það ef ekki mútur?“

Þann 16. ágúst 2020 kl. 12:13 birti Aðalsteinn færslu á Facebook, og deildi frétt af RÚV, og segir: „Það er að verða komin heil meðganga síðan við spurðum Þorstein Má fyrst hvort hundruð milljóna greiðslur inn á Dúbaí reikning stjórnarformanns ríkisútgerðar Namibíu og annað eins inná reikninga tengdasonar sjávarútvegsráðherrans væru mútur. Þessum 9 mánuðum síðar sagði hann í fyrsta sinn í dag að þetta hefðu ekki verið mútur. **Hvað var þetta þá? Hann var ekki tilbúinn að svara því. Ætlar að útskýra það seinna. Kannski eftir næstu meðgöngu? Það liggur nú kannski dálítið á fyrir þessa sem sitja í fangelsi í Namibíu vegna ákæru fyrir mútupægni útaf þessum peningum.**“

Þann 18. ágúst 2020 kl. 14:58 birti Aðalsteinn færslu á Facebook, og deildi frétt af Visir.is, og segir: „Það var hins vegar tími til að taka saman ársreikningana og vinna samantekt úr þeim til að afhenda Morgunblaðinu.“

2. Málsatvik sem varða Frey Gígju Gunnarsson.

Þann 13. nóvember 2019 birti Freyr færslu á Facebook, þar sem hann deilir frétt af RÚV og bætir við ummælunum: „Það er rétt að hafa þetta í huga eftir yfirlýsingu Samherja. Eiginlega alveg bráðnauðsynlegt.“

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:42 birti Freyr færslu á Facebook, og deilir frétt af RÚV, og segir: „Það er engu við þetta að bæta. Það **fór um mann hrollur** við að horfa á myndskreiðið í morgun“.

Þann 12. ágúst 2020 kl. 16:59 birti Freyr færslu á Facebook, og deilir frétt af RÚV, og segir: „Það er búið að fara yfir markið sem Samherji taldi sig hafa skorað í gær. Það **reyndist vera sjálfsmark**.“

3. Málsatvik sem varða Helga Seljan.

Þann 15. nóvember 2019 birti Helgi samhljóða færslur á Facebook kl. 7:45 og Twitter kl. 9:27 sem segir: „Það er næsta aðdáunarvert að vitna hvernig blaðamaður Morgunblaðsins reynir að föndra upp bjarghring utan um nýjan forstjóra Samherja í blaði dagsins, þegar hann spyr, eins og barn sem komið hefur að jólasveininum skegglausum, hvort Samherjamenn haldi ekki örugglega að það sé engin hætta á öðru en að Skattrannsóknarstjóri hafi haft öll gögn um afrikustarfsemina til rannsóknar áður, eftir húsleit frá 2012? Ég kann illa við að blasta því svona á þá félagi í aðdraganda adventunnar, en tvennt gerir það að verkum að spurningin og svar forstjórans, meika engan sens: Fyrst vegna þess að meginhluti atburðanna sem um er rætt gerast eftir 2012. En svo og ekki síst sú staðreynd að húsleitin fór fram á Íslandi og náði ekki til þeirra fyrirtækja sem um ræðir í afríku. En það má vona. **Vonandi er þessi árétting ekki of einhliða fyrir hinn ballanseraða forstjóra Samherja.**“

Þann 26. nóvember 2019 kl. 21:42 birti Helgi færslu á Facebook, og deilir frétt af namíbiskum miðli (Namibiansun.com), og segir: „Sæll Björgólfur Jóhannsson. Nú hef ég fylgst með þér fyrstu daga þína í starfi og **vandræðum þínum við að höndla einfaldar staðreyndir** um eignarhald fyrirtækisins sem þú nú stýrir; samanber þetta með Heinaste um daginn. En af því að ykkur virðist ekki auðlesíð internetið er hér ein grein sem þú gætir byrjað á lesa gæskur. Þær eru mun fleiri og dramatískari; hrottafengnari lýsingarnar af afleiðingum þessa alls.

<https://amabhungane.org/stories/namibian-fishing-industry-cries-foul-as-quota-handed-to-international-interests/>

Þú þarft ekkert að biðja mig afsökunar samt.“

Þann 2. desember 2019 kl. 15:35 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Í Namibíu er sex menn formlega ákærðir fyrir að misfara með vald sitt og áhrif í staðinn fyrir hundruð milljóna króna mútur frá íslensku stórfyrirtæki. **Á Íslandi er sama fyrirtæki í “samstarfi” og “samtali” við yfirvöld og að gera skoðanakönnunina: “Hvernig finnst þér ég?”**“

Þann 9. desember 2019 kl. 16:36 birti Helgi færslu á Twitter, og deilir frétt af namíbiskum miðli, og segir: „Enn misskilja þeir Namíbíumenn. Sáu þeir ekki yfirlýsingu Samherja og djúpköfun <http://Villain.is> eftir réttu og röngu þarna?“

Þann 11. desember 2019 kl. 15:51 birti Helgi færslu á Facebook, og deilir frétt af namibískum miðli, og segir: „Nýr ráðherra í Namibíu hefur augljóslega ekki lesið fréttatilkynningar Þorbjörns Þórðarsonar og félagar í nafni Samherja, þar sem allar þessar uppsagnir eru sagðar tóm þvæla og vitleysa. Sömu sögu er að segja af þeim hátt í tíu þúsund manns sem mótmæltu í Walvis bay í gær, fyrst og síðast vegna örlaga þeirra sem misstu vinnuna vegna þessa alls. Fylkisstjóri svæðisins taldi reyndar í viðtali við the Namibian að nær væri að tala um að skyndilegar breyttar úthlutanir á kvóta á árinu 2014 hefðu kostað 4500 störf. <https://www.namibian.com.na/86279/read/I-warned-Esau---Mutjavikua> <https://informante.web.na/retrenched-fisheries-workers-will-be-reinstated/>“

Þann 13. desember 2019 kl. 14:20 birti Helgi færslu á Facebook þar sem segir: „Rosalega hlýtur þeim að líða vel með sig núna “andlitunum” sem tóku þátt í að rétta við ímynd þessa kompanís eftir að upp um það komst.“

Þann 21. desember 2019 kl. 13:14 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Það að Kristján Þór segi sig frá málefnum Samherja og ÚA, en ekki Síldarvinnslunnar, Bergs-Hugins og Gjögurs, sem öll eru meira og minna undir stjórn, í samrekstri með eða undir stjórn sama hóps manna, sýnir bara enn betur hversu galið konsept “tengdur aðili” er á Íslandi.“

Þann 28. desember 2019 kl. 14:17 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Þetta er þverskurðurinn sem valdi starfsemi Samherja í Namibíu “þriðju verstu Viðskipti ársins” Önnur verstu eru sjálfsagt aflandsþjónusta Kristjáns Gunnars. Þessi bleiku blöð á Íslandi eru eitt stórt joke.“

Þann 17. janúar 2020 kl. 15:48 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Það fara einhverjar þrjár opnur hins svokallaða Viðskiptablaðs undir viðtal við bankastjóra Íslandsbanka þessa vikuna. Þar er drjúgu plássi eytt í jafnréttisþvinganir bankans en ekki orði vikið að áhrifum af háttarni og alþjóðlegri spillingarrannsókn eins stærsta kúnna bankans.“

Þann 17. febrúar 2020 kl. 9:30 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Ríkisstjórn: Það má ekki láta geðþótta og tilfinningar ráða umfram lög og reglur í innflytjendamálum. Líka ríkisstjórn: Jafnvel þó **augljóst sé að brotið hafi verið gegn markmiðum laga og bókstaf um hámarks kvótacign**, ætlum við að gefa mönnum sex ár í viðbót til þess.“

Þann 2. mars 2020 kl. 13:01 birti Helgi færslu á Facebook þar sem segir: „Á mannamáli: Pizza-sendill hjá Dominos í Nóatúni notast næstu daga við bíl sem tilheyrir hefur Dominos á Skúlagötu.“ Og deilir þar með frétt af vef kæranda, Samherja, um að kærandi hafi leigt skipið Smáey VE.

Þann 6. apríl 2020 kl. 11:01 birti Helgi færslu á Facebook þar sem segir: „Hér er hún þá líklegast komin, stærsta efnahagsaðgerð íslenskra stjórnvalda vegna Covid-19.“ Og deilir þar með frétt af Kjarninn.is með fyrirsögninni „Samherji fær að sleppa við yfirtökuskyldu á Eimskip“.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:50 birti Helgi færslu á Facebook þar sem hann segir „Yfirlýsing ritstjóra Kveiks og undirritaðs:“ og deilir svo færslu Þóru Arnljótsdóttur en inni í þeirri færslu er m.a. bein tilvitnun í orð Helga. Færsla Þóru er svohljóðandi í heild sinni:

„Í dag voru sett ný viðmið í árásum stórfyrirtækis á fjölmiðla og einstaka fréttamenn. Í stuttu máli er ekkert hæft í þeim ásökunum sem Samherji hefur sett fram.

Markmiðið með þessum **drullumokstri** er að sverta mannorð öflugasta rannsóknarblaðamanns landsins og **hrella fjölmiðla**. Í því sambandi má nefna að forstjóri Samherja hefur stöðu grunaðs manns í sakamáli og stjórnendur fyrirtækisins hafa aldrei svarað spurningum Kveiks um starfsemina í Namibíu (sem sjá má hér: <https://www.ruv.is/kveikur/samherjaskjolin/vidbrogd/>), þrátt fyrir ítrekuð boð þar um. Að Fréttablaðið birti svo gagnrýnislaust viðlíka **atvinnuróg**, án þess að bera undir þann sem ásökunin beinist að, er kapituli út af fyrir sig og varðar grundvallarreglur blaðamennsku.

Hér að neðan má lesa viðbrögð Helga Seljan við aurnum sem yfir hann er ausið:

„Skýrslan og ásakanir um falsanir

Fyrir það fyrsta eru ásakanir um falsanir gagna alrangar. Sömuleiðis útlekkingar á samtali mínu við Jón Óttar Ólafsson, starfsmann Samherja.

Skýrsla um samanburð á útflutningsverði á karfa til Þýskalands, sem sýndi að Samherji seldi fyrirtækjum sínum þar í landi afla eigin skipa á lægra verði en gerðist og gekk í viðskiptum annarra, var sannarlega til og gerð af Verðlagsstofu skiptaverðs. Eins og fram kom í Kastljósi, þegar vitnað var til hennar og hún sýnd. Það, hvers vegna núverandi starfsmaður Verðlagsstofu hafnar því núna, 8 árum eftir birtingu þess í sjónvarpi, að það hafi verið gert, er með nokkrum ólíkindum, þó ekki sé fastar að orði kveðið. Skjalið var sannarlega gert af þáverandi forstjóra Verðlagsstofu skiptaverðs, og lagt fram í Úrskurðarnefnd útvegsmanna og sjómanna. Það var jafnframt tilefni athugasemda Verðlagsstofu við Samherja, rannsókn, eins og það var orðað af Verðlagsstofu sjálfri. Rétt eins og núverandi forstjóri Verðlagsstofu staðfestir í raun í þessum samskiptum sínum við Samherja, nú í apríl.

Það er ekki bara rangt, heldur **einkar bíræfið** hvernig því er haldið fram í „þætti“ Samherja að umrætt skjal hafi verið falsað. Raunar kallast þessar kenningar þeirra á í myndbandinu. Það er ýmist sagt falsað, eða því breytt. Hvort tveggja er rangt. Sundurklippið ummæli um að átt hafi verið við skjalið, vísa eingöngu til þess að áður en það var birt voru persónugreinanlegar upplýsingar, sem hefðu getað vísað á heimildarmann, afmáðar af því. Það að snúið sé út úr því með þeim hætti sem gert er, segir alla söguna um raunverulegan tilgang þessarar myndbandagerðar Þorsteins Mús og félaga.

Að Samherji hafi haft í höndunum hljódupptöku af fundi okkar Jóns Óttars í sex ár, en birti hana fyrst núna, segir sitt um hversu raunverulegt sönnunargagn um samsæri af minni hálfu sé að ræða.

Það er einnig rangt að Kastljós hafi ekki gengið úr skugga um hvaðan og hvers eðlis skýrsla Verðlagsstofu var, og ekki gengið úr skugga um að skjalið væri sannarlega frá Verðlagsstofunni komið. Verðlagsstofa vildi ekki staðfesta neitt opinberlega, en það er hreinn útúrsmúningur að halda því fram að það þýði að skýrslan hafi ekki verið

unnin á hennar vegum, því það var sannarlega staðfest. Um þetta allt má til dæmis lesa í eftirfarandi bréfi (sjá fyrsta komment að neðan) sem undirritað er af þremur starfsmönnum Verðlagsstofu skiptaverðs, og send var á stjórn stofnunarinnar, vegna fyrirspurnar Kastljóss. Þar er jafnframt staðfest að „mál“ tengt Samherja sé til skoðunar innan stofnunarinnar og áhersla lögð á að þögn ríki um málið af hendi stjórnarinnar, enda geti annað orðið til að „tefja og jafnvel skaða mál sem eru til rannsóknar/meðferðar hjá Verðlagsstofu og úrskurðarnefnd“

Umrædd skýrsla, sem var 3 blaðsíður og undirrituð af þáverandi forstjóra Verðlagsstofu skiptaverðs, var sannarlega borin undir Seðlabankann, sem óskaði eftir og fékk afrit af henni.

Fréttablaðið

Vinnubrögð Fréttablaðsins í málinu sæta - ólíkt vinnubrögðum Samherja – furðu.

Bornar eru fram einhliða- og án nokkurs möguleika á andmælum, ásakanir sem eru ekki bara alrangar, heldur líka grafalvarlegar. Einu viðmælendur Fréttablaðsins í fréttinni eru launaðir starfsmenn Samherja auk forstjóra Samherja.

Fréttablaðið bar efni forsíðufréttarinnar í dag aldrei undir mig, eða ásökunina sem í henni felst. Þetta eru einu samskipti mín við Ara Brynjólfsson, blaðamann

Fréttablaðsins um málið frá í gær. (Sjá komment nr. 2) Hér nefnir hann aldrei efnisatriði málsins, þá staðreynd að hann hafði augljóslega séð þáttinn sem hann vísar til og ætlaði sér að skrifa um efni hans frétt, fullkomlega gagnrýnislaust.

Þorrablótið á Reyðarfirði

Á undanförunum árum **hefur Samherji, eða fulltrúar þess fyrirtækis ítrekað flutt furðusögur** af Þorrablóti Reyðfirðinga í hinu svokallaða Seðlabankamáli. Því hefur verið haldið fram að þar hafi ég hitt sjómann sem ekki bar sig vel vegna hlutaskipta um borð í einu skipa Síldarvinnslunnar í Neskaupsstað, dótturfélags Samherja. Sú frásögn er uppspuni frá rótum. Síðastliðið haust, stuttu fyrir umfjöllun Kveiks um starfsemi Samherja í Namibíu og rétt eftir að Samherja var ljóst að um málið yrði fjallað í fjölmiðlum, birtist svo ný frásögn. Í þetta sinn af því að ég hefði haft uppi yfirlýsingar um að „taka niður Þorstein Má“. Aftur var farið með rangt mál. **Nú er trommað upp með ítarlegri útgáfu af sömu sögu**, og aftur er hún röng. En í þetta sinn er kallaður til fótgönguliði úr hópi viðskiptafélaga Þorsteins Más, og hann kynntur til sögunnar sem fyrrum lágt settur millistjórnandi dótturfélagsins í Neskaupstað. Sá maður er Jóhannes Pálsson.

Frásögn Jóhannesar svíður kannski mest af því sem þarna fer fram. Jóhannes hef ég þekkt síðan ég var barn. Jóhannes var nágranni minn og fjölskyldur okkar vinafólk. En Jóhannes Pálsson var líka og er meðeigandi Þorsteins Más Baldvinssonar í eignarhaldsfélaginu Snæfugli, sem er stór eigandi Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Ummæli hans verða því að skoðast í því ljósi, rétt eins og ummæli annarra þeirra sem eru til viðtals í „þætti“ Samherja og eiga það allir sameiginlegt að hafa atvinnu af því að gæta með einum eða öðrum hætti hagsmuna fyrirtækisins. Um frásögn Jóhannesar Pálssonar vil ég segja eftirfarandi: Það að ég hefði farið að segja Jóhannesi frá því „að ég væri með stórt mál“ gegn Samherja í smíðum, ætlaði mér að „tak'ann“ eða „ná honum“ vitandi um augljós tengsl þessara manna og sameiginlega hagsmuni er eins og allir hljóta að sjá, galið. Enda alrangt. Samtal okkar Jóhannesar í umrætt sinn sneri

að hvort hann hefði í störfum sínum fyrir Síldarvinnsluna orðið var við að afurðakaup Samherja af skipum Síldarvinnslunnar færu fram á lægra verði en gekk og gerðist, eins og frásagnir sjómanna fyrirtækisins og kvartanir til Verðlagsstofu sögðu til um. Eftir á að hyggja voru það auðvitað mistök af mér að ræða þetta málefni, jafnvel með þessum fyrirvörum, við gamlan fjölskylduvin eins og Jóhannes, einkum við þessar aðstæður. Það hvarflaði hins vegar ekki að mér að hann myndi, átta árum síðar, stíga fram og **ljúga upp í opið geðið á alþjóð**, til þess eins að taka þátt í þessum **furðuleiðangri** viðskiptafélaga síns, Þorsteins Más Baldvinssonar."

Að endingu þetta: Það dylst engum hver raunverulegur tilgangur þessarar herferðar er. Hann er tvíþættur: Að reyna að hafa af blaðamönnum æruna með **atvinnurógi af versta tagi** og það sem skiptir jafnvel meira máli - að dreifa athyglinni frá þeirri staðreynd að Þorsteinn Már Baldvinsson og starfsmenn hans sæta nú rannsókn í stóru sakamáli og hafa til þessa ekki svarað lykilsþurningum um framferði fyrirtækisins á erlendra grund.“

Eftirtaldar færslur eru hluti af framhaldskæru kæranda dags. 26. október 2020:

- i. Þann 17. október 2020 kl. 13:37 birti kærði færslu á Twitter þar sem segir: „Samherji: Það voru engar mútur. **Lika Samherji: Jóhannes greiddi mútur, aleinn. (Þó greiðslurnar hafi bara aukist eftir að hann hætti)**. Mogginn: Vá, áhugavert!“

Umræddum texta deildi kærði ásamt færslu Þórðar Snæs Júlíussonar um frétt sem birst hafði í Morgunblaðinu þann sama dag og laut að málefnum Samherja. Í upphaflegri færslu Þórðar Snæs sem kærði deildi segir: „Þrotlaus rannsóknarblaðamennska skilaði því að blaðamenn Morgunblaðsins komust yfir nýjasta myndband Samherja áður en það var sýnt á YouTube, og kom fyrir augu barna í leit að næsta Teletubbies-þætti. Þeir eru svo stoltir af þessu þrekvirki að enginn merkir sig fyrir fréttinni.“

<https://twitter.com/thordursnaer/status/1317383953934843905>.

- ii. Þann 19. október 2020 kl. 9:52 birti kærði færslu á Facebook þar sem hann segir: „Vek athygli á því að þáttastjórnendum láðist að halda í þá hefð, sem myndast hefur í viðtölum þeirra við fulltrúa þessa fyrirtækis, að þakka þeim fyrir Fiskidaginn. **Björgólfur er alveg að verða búinn að tileinka sér helstu þætti starfsemi Samherja. Kannski tekst honum að muna eftir umfangsmiklum rekstri Samherja í gegnum eyjuna Míritius næst þegar hann neitar því staðfastlega að Samherji reki félög eða dótturfélög í skattaskjólum.**“

Umræddum texta deildi kærði ásamt hlekk á vefsvæði Vísis þar sem hljóðbrot var af finna úr útvarpsþættinum *Í bítíð á Bylgjunni* þar sem rætt var við Björgólf Jóhannsson, annan af forstjórum Samherja: „Bítíð – Samherji afhenti héraðssaksóknara dagbækur Jóhannesar“
<https://www.visir.is/k/03bf8661-52e9-4ead-b393-559ba162add4-1603097214065>.

- iii. Þann 21. október 2020 kl. 12:00 birti kærði færslu á Twitter þar sem hann segir: „**Húrra fyrir Seðlabankastjóranum sem lét spila með sig...what a joke.** Samherji aftur kominn yfir 30 prósent í Eimskip og gerir yfirtökutilboð
<https://kjarninn.is/frettir/2020-10-21-samherji-aftur-kominn-yfir-30-prosent-i-eimskip-og-gerir-yfirtokutilbod/>.

Þann sama dag birti Konráð S. Guðjónsson athugasemd við færsluna þar sem hann spyr kærða: „Er það ekki frekar hinsegin að því leyti að núna þarf Samherji að borga hærra verð? Gengið ca. 175 núna, var 150 11. mars – 17% hærra nú.“

Því svarar kærði: „Verðið kemur málinu afskaplega lítið við. **Það að þeim hafi verið heimilað að sleppa undan yfirtökuskyldu í mars, vegna Covid, var galið. Og sýnir sig núna að hafa verið hreinn fyrirsláttur.** Óvissa vegna Covid, tæpast minni nú en þá.“

Konráð S. Guðjónsson svarar kærða um hæl og segir: „Nú jæja. Án þess að hafa kynnt mér það skil ég ekki heldur af hverju hún hafi verið felld niður. Reyndar ósammála því að óvissan sé tæpast minni, nema maður líti á að óvissa sé ætíð sú sama og viðvarandi þar til við uppgötvum tímavélar.“

Því svarar kærði: „Það er óumdeilt að í dag er álitíð að áhrifin muni vara lengur en gert var í mars.“

- iv. Þann 22. október 2020 kl. 15:27 birti kærði færslu á Twitter þar sem hann segir: „SFS er að tromma upp nýja herferð um samfélagsábyrgð, aukið gagnsæi etc. Á lista yfir fyrirtæki sem skrifað hafa undir eru ma: Samherji, Bergur-Huginn, Síldarvinnslan og ÚA. **Hér hefði bæði mátt spara blek, pappír, kolefnisspor og auka gagnsæi og láta eina undirskrift duga.**“

4. Málsatvik sem varða Láru Ómarsdóttur.

Þann 28. nóvember 2019 kl. 23:45 birtir Lára færslu á Facebook þar sem segir: „Þegar reynt er að afvegaleiða umræðu er mikilvægt að halda staðreyndum til haga.“ Með fréttinni deilir Lára frétt af Ruv.is. Jóhann Símonar birtir ummæli við færslu Láru sem hún líkar við. Í ummælunum segir meðal annars: „Enn samtaka máttur þeirra sem fara með fjármagn stjórna ferð. Og reyna hvað þeir geta að sverta mannorð ykkar.“

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:48 birti Lára færslu á Facebook þar sem hún deilir yfirlýsingu Ríkisútvarpsins vegna ásakana á hendur Helga Seljan og tekur upp orð úr yfirlýsingunni. Orðin eru: „Þessi **grófa árás** þjónar þeim eina tilgangi að skaða mannorð fréttamanns RÚV, sem hefur hvorki falsað gögn né „átt við þau“ og trúverðugleika fréttastofunnar.“

Þann 11. ágúst 2020 kl. 14:09 birti Lára færslu á Facebook þar sem segir: „Ekkert er hæft í ásökunum Samherja gegn Helga Seljan og RÚV. **Aldrei hef ég orðið vitni að annarri eins**

aðför og rógburði gegn blaðamanni og fréttastofu hér á landi og nú. Þetta er grafalvarleg aðför að fjölmiðlum í landinu. Lesið það sem Helgi Seljan sjálfur hefur að segja.“

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:48 birti Lára færslu á Facebook þar sem hún deilir yfirlýsingu Ölmú Ómarsdóttur með texta yfirlýsingar frá Félagi fréttamanna sem er stéttarfélag fréttamanna hjá Ríkisútvarpinu. Lára tekur upp eftirfarandi orð úr yfirlýsingunni: „Þekkt er víða um heim að fjársterkir aðilar beiti ýmsum aðferðum til að vekja efasemdir um fréttanflutning sem að þeim snýr. Það skapar þá hættu að grafið sé undan trausti á fjölmiðlum og að fjölmiðlar veigri sér við að fjalla um einstaka aðila. Af því er mikil hættu búin fyrir lýðræðislegt samfélag“.

5. Málsvik sem varða Rakel Þorbergsdóttur.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:48 birti Rakel færslu á Facebook, og deilir frétt af Ruv.is um yfirlýsingu undirritaðri af henni og útvarpsstjóra, og segir: „Með birtingu Samherja-myndbandsins í dag er gengið lengra en nokkru sinni fyrr í því að vega persónulega að æru fréttamanns og trúverðugleika fréttamiðils í þeim eina tilgangi að verjast gagnrýninni umfjöllum og afvegaleiða umræðuna. Það er ekki ný aðferð að skjóta sendiboðann með sambærilegum hætti en hún hefur líklega aldrei verið jafn alvarleg og kerfisbundin.“

6. Málsvik sem varða Sigmar Guðmundsson.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:48 birti Sigmar færslu á Facebook, og deilir færslu Þóru Arnórsdóttur, og segir: „Ég hvet fólk til að lesa þessi skrif. Og ég vona að fólk gefi sér tíma í að skoða bæði þennan **lygavaðal** sem Samherji hefur klippt saman og einnig umfjöllun Kastljós um málið á sínum tíma. Þar sjá menn meðal annars að þessi **stórkostlega rannsóknaruppgötvun** Jóns Óttars um að Helgi hafi gengið á milli stofnana og rætt við skattrannsóknarstjóra var nú ekki meira leyndó en svo að frá samskiptunum er gerð rækileg grein fyrir í umfjölluninni sjálfri. Þá má einnig sjá í þessum Kastljósþætti að Samherja var boðið að tjá sig um málið áður en umfjöllunin fór í loftið, þvert á það sem sagt er í þætti Samherja. Annað fer Þóra vel yfir í sínum skrifum sem allir ættu að lesa. Kastljósþáttinn sjálfan má svo sjá hér í athugasemd fyrir neðan.“

7. Málsvik sem varða Snærós Sindradóttur.

Þann 12. ágúst 2020 kl. 15:28 birti Snærós færslu á Twitter þar sem segir: „Vandræðalegt“. Og með þeim orðum deilir hún frétt frá Stundinni.

Þann 12. ágúst 2020 kl. 15:41 birti Snærós færslu á Twitter þar sem segir: „Þetta **pr-flopp** sem Samherji henti í í gær tókst það vel að m.a.s í kommentum við frétt um eitthvað

dularfullt hljóð á Akureyri er fólk bara: "Er þetta ekki bara vælið í forstjóra Samherja að berast um sveitina?"“.

8. Málsatvik sem varða Stíg Helgason.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:41 birti Stígur færslu á Facebook, og deilir færslu Þóru Arnórsdóttur, og segir: „Hér má lesa viðbrögð ritstjóra Kveiks og Helga Seljan við þessari dæmalausni aðför Samherjamanna að fréttamönnum sem eru að vinna vinnuna sína.“

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:43 birti Stígur færslu á Twitter, og deilir yfirlýsingu RÚV, og segir: „Maður bjóst við ýmsu, en þetta er jafnvel ósvífnara en maður hafði hugmyndaflug í.“

9. Málsatvik sem varða Sunnu Valgerðardóttur.

Þann 13. nóvember 2019 kl. 11:49 birtir Sunna færslu á Facebook þar sem segir: „Það er þetta með fölsku forsendurnar“ og deilir með frétt af Ruv.is um viðbrögð við þætti Kveiks um Samherja í Namibíu.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:49 birti Sunna færslu á Facebook, og deilir yfirlýsingu RÚV, og segir: „Engu við þetta að bæta. Ömurlegt, fullkomlega yfiringilegt, en því miður ekkert endilega óviðbúið.“ Sama dag, klukkan 13:00, deilir Sunna færslu Þóru Arnórsdóttur dags. 11. ágúst 2020.

10. Málsatvik sem varða Þóru Arnórsdóttur.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:42 birti Þóra færslu á Facebook þar sem segir: „Í dag voru sett ný viðmið í árásum stórfyrirtækis á fjölmiðla og einstaka fréttamenn. Í stuttu máli er ekkert hæft í þeim ásökunum sem Samherji hefur sett fram. Markmiðið með þessum drullumokstri er að sverta mannorð öflugasta rannsóknarblaðamanns landsins og hrella fjölmiðla. Í því sambandi má nefna að forstjóri Samherja hefur stöðu grunaðs manns í sakamáli og stjórnendur fyrirtækisins hafa aldrei svarað spurningum Kveiks um starfsemina í Namibíu (sem sjá má hér: <https://www.ruv.is/kveikur/samherjaskjolin/vidbrogd/>), þrátt fyrir ítrekuð boð þar um. Að Fréttablaðið birti svo gagnrýnislaust viðlíka atvinnuróg, án þess að bera undir þann sem ásökunin beinist að, er kapítuli út af fyrir sig og varðar grundvallarreglur blaðamennsku. Hér að neðan má lesa viðbrögð Helga Seljan við aurnum sem yfir hann er ausið:“ Og þar tekur hún orðrétt upp orð Helga Seljan sem tekin eru upp í kaflanum hér að framan um Helga Seljan.

11. Málsatvik sem varða Tryggva Aðalbjörnsson.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 14:25 birti Tryggvi færslu á Facebook, og deilir færslu Þóru Arnórsdóttur, og segir: „Samherji réðst í dag með **sérstaklega andstyggilegum** hætti að mannorði fréttamanns sem þorir að spyrja spurninga. **Árásin er ekki bara ljót** heldur þjónar hún líka þeim tilgangi að grafa undan trausti fólks á frásögnum fjölmiðla og staðreyndum yfirléitt. Mæli með að fólk lesi þessa yfirlýsingu Þóru og Helga.“

IV. Helstu sjónarmið aðila.

Hér er gerð grein fyrir helstu sjónarmiðum aðila, bæði kæranda, í kæru og framhaldskæru sem og athugasemdum kæranda við greinargerðir kærðu. Gerð er grein fyrir sjónarmiðum sem fram komu í greinargerðum kærðu og viðbótarathugasemdum þeirra við athugasemdir kæranda, eftir atvikum.

Aðilar málsins hafa gert ítarlegri grein fyrir máli sínu, m.a. hvað varðar spurninguna um hvort einstök ummæli hafi brotið í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna. Öll þessi sjónarmið hefur siðanefnd RÚV haft til hliðsjónar við meðferð og úrlausn málsins.

1. Sjónarmið og athugasemdir kæranda:

Hvað varðar **alla kærðu**, telur kærandi málið varða brot á ákvæði 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins sem hljóðar svo:

„Starfsfólk, sem sinnir umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð tekur ekki opinberlega afstöðu í umræðu um pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni, þ. á m. á samfélagsmiðlum.“

Kærandi telur efni færslanna í öllum tilvikum fela í sér að starfsmenninir taki afstöðu í umræðu um málefni kæranda, einkum hið svonefnda Namibíumál og Seðlabankamál. Þau mál hafi ítrekað verið til umræðu á opinberum vettvangi, í fjölmiðlum og Alþingi. Þess vegna séu málin bæði pólitísk og umdeild. Birting ummælanna sé opinber, þar sem hún fór fram á samfélagsmiðlum, sem tilteknir eru í 4. mgr. 3. gr. siðareglanna. Allar færslunar séu líka aðgengilegar hverjum sem er, ekki bara þeim sem séu vinir eða fylgjendur starfsmanna á samfélagsmiðlum.

Kærandi telur, að verði það niðurstaða að einstök ummæli verði ekki talin brot á nefndri reglu, þá eigi að líta á tilvikin sem eina heild þannig að þó að opinber afstaða komi ekki augljóslega fram í einni færslu þá sé afstaðan ljós ef færslan er lesin í samhengi við aðrar færslur viðkomandi starfsmanns.

Kærandi leggur áherslu á að ákvæði 3. mgr. 4. gr. siðareglanna sé ekki í tómarúmi, heldur verði t.d. að skoða í samhengi við aðrar reglur, t.d. lokamálslið 4. gr. vinnureglna fréttastofu Ríkisútvarpsins sem segir til dæmis: „Fréttamenn skulu gæta þess að opinbera ekki skoðanir sínar á málefnum eða einstaklingum þannig að trúverðugleiki fréttastofunnar hljóti skaða af.“ Þetta er einnig orðað með almennari hætti í 2. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands þar sem segir m.a. „[Blaðamaður] hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs...“ Jafnframt telur kærandi að bann 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins við því að starfsfólk, sem ákvæðið tekur til, taki opinberlega afstöðu til tiltekinna málefna eða mála sé nánari útfærsla á reglum um hlutlægni sem gilda um Ríkisútvarpið og finna má víða. Um þessa hlutlægniskyldu er m.a. fjallað í 26. gr. laga nr. 37/2011 um fjölmiðla þar sem segir: „Fjölmiðlaveita skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni...“ Ríkisútvarpið hefur gert þjónustusamning við ríkið sem ber heitið „Samningur mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019“. Gildistími samningsins er runninn út en samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er enn unnið eftir honum. Samkvæmt grein 2.2 í samningum skuldbindur Ríkisútvarpið sig m.a. gagnvart ríkinu til að draga hvorki taum hagsmunahópa, stjórnmalasamtaka, einstaklinga né ákveðinna sjónarmiða. Samkvæmt 2. mgr. greinar 2.2.1 í samningum skal fréttajónusta Ríkisútvarpsins vera óháð stjórnmalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum.

Reglan í siðareglunum sem þetta mál byggir á hafi því tengsl við ýmsar aðrar reglur og byggir á almennari reglum um hlutlægni í fjölmiðlum sem gerir brot gegn henni alvarlegri. Þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem fjallað er um í þessari kæru geta ekki í ljósi hegðunar sinnar á samfélagsmiðlum talist hlutlægir þegar kemur að umfjöllunum um kæranda.

Jafnframt að margar af færslunum á samfélagsmiðlum sem raktar eru séu birtar því sem næst á sama tíma. Það sé vísbending um að um samantekin ráð starfsmannanna sé að ræða og gerir það brotin alvarlegri.

Hvað varðar **Helga Seljan** sérstaklega og **framhaldskæru** þá telur kærandi að það auki á alvarleika brots hans að birtingarnar sem séu andlag framhaldskæru eigi sér stað á meðan málið sé til meðferðar hjá siðanefnd Ríkisútvarpsins.

Í viðbótarathugasemdum varðandi **úrskurð siðanefndar RÚV nr. 1/2019**, tekur kærandi fram að úrskurðinn sé ekki hægt að leggja til grundvallar í þessu máli þar sem m.a. sé um annars konar og annars eðlis andsvör að ræða, á umræðuvettvangi sem var annar og vandaðri, þ.e. í blaðaskrifum, og ekki um að ræða afstöðu blaðamanna um umdeilt eða pólitískt mál.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Aðalsteins Kjartanssonar** bendir kærandi m.a. á að ummæli hans rúmist ekki innan heimilda til leiðréttinga og andmæla eins og haldið sé fram. Jafnframt að myndbönd kæranda hafi ekki ráðist gegn trúverðuleika blaðamanna né trausti RÚV sem stofnunar. Þvert á móti var tilgangurinn að koma staðreyndum á framfæri. Skýrsla

sem umfjöllun Kastljóss hafði byggt á hafi aldrei verið gerð, og kærandi fengið það staðfest frá Verðlagsstofu skiptaverðs. Síðar hafi komið í ljós að umrædd skýrsla Verðlagsstofu hafi verið vinnuskjal, en ekki skýrsla og efni hennar slitið úr samhengi í umfjöllun Kastljóss og þetta varð að koma fram í dagsljósið. Í þessu ljósi hafi færslur kærða Aðalsteins í kjölfar myndbandsins 11. ágúst 2020 ekki verið réttlætningar, með vísan til þess að hann væri að taka upp hanskann fyrir samstarfsmenn. Jafnframt að þó samstarfsmönnum væri veitt svigrúm til andmæla þá nái þau ekki yfir kærða, eða í öllu falli að hann hafi þá farið yfir það svigrúm, væri það til staðar. Sérstaklega alvarlegt sé þegar starfsmenn taki opinbera afstöðu í máli sem þeir hafa fjallað um í starfi sínu.

Varðandi 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 þá telur kærandi ljóst að tjáningarfrelsi fjölmiðlamanna sé takmarkað m.a. með vísan til laga nr. 23/2013 um ríkisútvarpið, einkum 4. mgr. 3. gr. og ákvæða laga nr. 37/2011 um fjölmiðla, einkum 26. gr. Það sé og ekki siðanefndar að skera úr um hvort siðareglurnar eða lög standist stjórnarskrá og sé takmarkað úrskurðarvald einskorðað við hvort siðareglur RÚV hafi verið brotnar eður ei.

Augljóst sé að siðareglurnar gildi um kærða, en efasemdir hans um að hann sé af þeim bundinn renni frekar stoðum undir að kærði hafi brotið gegn reglunum án þess að láta þær sig varða

Færslur kærða séu skýrlega opinber afstaða, en ekki persónuleg skoðun á málefni. Einnig sé enginn fyrirvari á Facebook síðu kærða, þar sem flestar færslur eru birtar um að þar séu um persónulegar skoðanir að ræða. Jafnframt sé skýrt að um „umræðu“ sé að ræða, enda samfélagsmiðlar sérstaklega tilgreindir í 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.

Hvað varðar hugtökin „pólitísk málefni“ og „umdeild mál“ þá sé ljóst að Namibíumálið sé pólitískt m.a. þar sem það hafi verið til umræðu á Alþingi og hér eigi ekki að beita þröngri túlkun. Um hugtakið „umdeild mál“ er m.a. vísað til þess að hugtakið eigi að túlka vítt, enda hefði verið hægt að þrengja það ef vilji hefði staðið til þess t.d. varðandi stór deilumál, en hér nái hugtakið til mála óháð stærð, en Namibíumálið er engu að síður stórt samfélagslegt deilumál og enn til rannsóknar hjá héraðssaksóknara en enginn ákærður á þessum tímapunkti, ári síðar.

Tjáning fréttamanna eigi að fara fram í þeim fjölmiðlum sem þeir vinna á, en ekki á samfélagsmiðlum, og þeir ekki órjúfanlegur hluti af starfsumhverfi blaðamanna. Varhugavert sé fyrir trúverðugleika RÚV ef fallist er á að starfsmönnum sé heimilt að halda áfram umfjöllun um málefni sem þeir hafa fjallað um í starfi sínu hjá RÚV á samfélagsmiðlum sínum. Þar geti mörk persónulegra skoðana og hlutlægrar umfjöllunar ríkisfjölmiðils orðið mjög óskýr sem sé ótækt. Það sé og grundvallarmunur að nota samfélagsmiðla annars vegar til að miðla og dreifa fréttum og dagskrárefni og hins vegar að taka afstöðu til málefna nafngreindra einstaklinga og fyrirtækja líkt og kærði hafi gert. Hefði kærði slíkt svigrúm til tjáningar á eigin samfélagsmiðlum, að mati nefndarinnar, þá hafi tjáning kærða verið það óhefluð að hún hefði aldrei geta birst á vettvangi RÚV, enda skíni neikvæð afstaða þar í gegn.

Ummæli kærða verði að skoða í því ljósi að almenningur tengir færslunar á Facebook-síðu og Twitter-aðgangi kærða við RÚV, enda vísar hann til þess þar að hann vinni hjá RÚV.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Helga Seljan** ítrekar kærandi m.a. eðli og tilgang youtube myndbands Samherja, sbr. ofangreint. Sérstaklega bendir kærandi á að ummæli kærða rúmist ekki innan heimilda til leiðréttinga og andmæla eins og haldið sé fram. Ekki sé kveðið á um ábyrgðarleysisástæður sem vikið geti ákvæðum siðareglna til hliðar. Hafi kærði haft svigrúm til að tjá sig, þá rúmist tjáning hans ekki innan þeirra heimilda. Hann tjái sig jafnframt um mál sem hann hafi ekki fjallað um sem fréttamaður og því séu ekkert svigrúm til andmæla eða leiðréttinga viðeigandi. Jafnframt sé sérstaklega alvarlegt þegar starfsmenn taki opinbera afstöðu í máli sem þeir hafa fjallað um í starfi sínu. Það hafi kærði ítrekað gert.

Varðandi 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 þá telur kærandi ljóst að tjáningarfrelsi fjölmiðlamanna sé takmarkað m.a. með vísan til laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, einkum 4. mgr. 3. gr. og ákvæða laga nr. 37/2011 um fjölmiðla, einkum 26. gr. Það sé og ekki siðanefndar að skera úr um hvort siðareglurnar eða lög standist stjórnarskrá og sé takmarkað úrskurðarvald einskorðað við hvort siðareglur RÚV hafi verið brotnar eður ei.

Augljóst sé að siðareglurnar gildi um kærða, en efasemdir hans um að hann sé af þeim bundinn renni frekari stoðum undir að kærði hafi brotið gegn reglunum án þess að láta þær sig varða.

Færslur kærða séu skýrlega opinber afstaða, en ekki persónuleg skoðun á málefni. Einnig sé enginn fyrirvari á Facebook síðu kærða, þar sem flestar færslur eru birtar um að þar sé um persónulegar skoðanir að ræða. Jafnframt sé skýrt að um „umræðu“ sé að ræða, enda samfélagsmiðlar sérstaklega tilgreindir í 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.

Hvað varðar hugtökin „pólitísk málefni“ og „umdeild mál“ þá sé ljóst að Namibíumálið sé pólitískt m.a. þar sem það hafi verið til umræðu á Alþingi og hér eigi ekki að beita þröngri túlkun. Um hugtakið „umdeild mál“ er m.a. vísað til þess að hugtakið eigi að túlka vítt, enda hefði verið hægt að þrengja það ef vilji hefði staðið til þess t.d. varðandi stór deilumál, en hér nái hugtakið til mála óháð stærð, en Namibíumálið er engu að síður stórt samfélagslegt deilumál og enn til rannsóknar hjá héraðssóknara en enginn ákærður á þessum tímapunkti, ári síðar.

Tjáning fréttamanna eigi að fara fram í þeim fjölmiðlum sem þeir vinna á, en ekki á samfélagsmiðlum, og þeir ekki órjúfanlegur hluti af starfsumhverfi blaðamanna. Varhugavert sé fyrir trúverðugleika RÚV ef fallist er á að starfsmönnum sé heimilt að halda áfram umfjöllun um málefni sem þeir hafa fjallað um í starfi sínu hjá RÚV á samfélagsmiðlum sínum. Þar geti mörk persónulegra skoðana og hlutlægrar umfjöllunar ríkisfjölmiðils orðið mjög óskýr sem sé ótækt. Það sé og grundvallarmunur að nota samfélagsmiðla annars vegar til að miðla og dreifa fréttum og dagskrárefni og hins vegar að taka afstöðu til málefna nafngreindra einstaklinga og fyrirtækja líkt og kærði hafi gert. Hefði kærði slíkt svigrúm til tjáningar á eigin samfélagsmiðlum, að mati nefndarinnar, þá hafi tjáning kærða verið það

óhefluð að hún hefði aldrei geta birst á vettvangi RÚV, enda skíni neikvæð afstaða þar í gegn. Ummæli kærða verði að skoða í því ljósi að almenningur tengir færslunar á Facebook-síðu og Twitter-aðgangi kærða við RÚV, enda vísar hann til þess þar að hann vinni hjá RÚV.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Freys Gíju Gunnarssonar** ítrekar kærandi m.a. eðli og tilgang you-tube myndbands Samherja, sbr. ofangreint. Jafnframt, að væri svigrúm til andsvara af hálfu starfsmanna RÚV eftir birtingu myndbandsins, þá taki það aðeins til þeirra starfsmanna sem sæta hinni opinberu gagnrýni. Ekki sé réttlætanlegt að taka upp hanskann fyrir samstarfsmenn sína. Slíkar ábyrgðarleysisástæður séu ekki til sem víki ákvæðum siðareglna til hliðar. Verði slíkt svigrúm játað, þá byggir kærandi á því að kærði hafi farið út fyrir leyfileg mörk. Gera verði sömu kröfur til fréttamanna þegar þeir tjái sig um opinber málefni og ef þeir væru að fjalla um málefnið hjá RÚV, enda tengi almenningur beint við færslur þeirra og Facebook síða kærða vísi til þess að hann vinni hjá RÚV.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Láru Ómarsdóttur** ítrekar kærandi m.a. eðli og tilgang you-tube myndbands Samherja, sbr. ofangreint. Sérstaklega alvarlegt sé þegar opinber afstaða er tekin í máli sem fréttamaður hefur fjallað um í starfi sínu, eins og kærða hafi gert, en hún hafi setið í ritstjórn Kveiks og starfað við gerð Kveikspátta. Ekki sé réttlætanlegt að taka upp hanskann fyrir samstarfsmenn sína. Slíkar ábyrgðarleysisástæður séu ekki til sem víki ákvæðum siðareglna til hliðar. Jafnframt, að væri svigrúm til andsvara af hálfu starfsmanna RÚV eftir birtingu myndbandsins, þá taki það aðeins til þeirra starfsmanna sem sæta hinni opinberu gagnrýni. Verði slíkt svigrúm játað, þá byggir kærandi á því að kærða hafi farið út fyrir leyfileg mörk.

Með því að „líka“ við ummæli Jóhanns Símonar hafi hún tekið undir orð hans, hún hefði t.a.m. geta lýst öðrum viðbrögðum. Þetta þurfi og að skoða í því samhengi að kærða vísi beinlínis til þess á Facebook síðu sinni að hún vinni hjá RÚV og því tengi almenningur hana beint við stofnunina.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Rakelar Þorbergsdóttur** ítrekar kærandi m.a. eðli og tilgang you-tube myndbands Samherja, sbr. ofangreint. Sem fréttastjóri eigi kærða að vera fyrirmynd. Sem yfirmaður sé brot hennar sérstaklega alvarlegt, einnig þar sem hún hafi aðkomu að málinu í starfi sínu. Ekki sé réttlætanlegt að taka upp hanskann fyrir starfsmenn sína. Slíkar ábyrgðarleysisástæður séu ekki til sem víki ákvæðum siðareglna til hliðar. Þrátt fyrir að svigrúm væri til andmæla, þá nái það ekki til samstarfsmanna. Hafi verið svigrúm þá rúmist ummæli kærðu ekki innan þess. Sömu kröfur verði að gera til kærðu varðandi ummæli á Facebook og í starfi hennar, enda tengi almenningur færslu hennar beinlínis við stofnunina, enda titluð starfsmaður RÚV á síðunni.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Sigmars Guðmundssonar** ítrekar kærandi m.a. eðli og tilgang you-tube myndbands Samherja, sbr. ofangreint. Ekki sé réttlætanlegt að taka upp hanskann fyrir samstarfsmenn sína. Slíkar ábyrgðarleysisástæður séu ekki til sem víki ákvæðum siðareglna til hliðar. Jafnframt, að væri svigrúm til andsvara af hálfu starfsmanna RÚV eftir birtingu myndbandsins, þá taki það aðeins til þeirra starfsmanna sem sæta hinni

opinberu gagnrýni. Verði slíkt svigrúm játað, þá byggir kærandi á því að kærði hafi farið út fyrir leyfileg mörk. Sömu kröfur verði að gera til kærða varðandi ummæli á Facebook og í starfi hans, enda tengi almenningur færslu hans beinlínis við stofnunina, enda kærði titlaður starfsmaður RÚV á síðunni

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Snærosar Sindradóttur** segir m.a. að ekki sé skilyrði í siðareglunum að starfsmaður hafi sinnt umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrágerð þegar ummælin féllu. Kærða hafi vissulega sinnt dagskrágerð um skeið og titluð sem dagskrágerðarmaður á Facebook síðu sinni, og líti þannig út gagnvart almenningi. Á Twitter-aðgangi sínum vísi hún til þess að hún sé „[m]eð vinnu á @RUVohf“. Með orðum sínum hafi hún augljóslega tekið afstöðu opinberlega í máli sem var mikið í þjóðfélagsumræðunni.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Stígs Helgasonar** ítrekar kærandi m.a. eðli og tilgang you-tube myndbands Samherja, sbr. ofangreint. Jafnframt, að væri svigrúm til andsvara af hálfu starfsmanna RÚV eftir birtingu myndbandsins, þá taki það aðeins til þeirra starfsmanna sem sæta hinni opinberu gagnrýni. Verði slíkt svigrúm játað, þá byggir kærandi á því að kærði hafi farið út fyrir leyfileg mörk. Sömu kröfur verði að gera til kærða varðandi ummæli á Facebook og í starfi hans, enda tengi almenningur færslu hans beinlínis við stofnunina, og hann titlaður starfsmaður RÚV á síðunni. Málið sé og sérstaklega alvarlegt því kærði hafi ítrekað fjallað um málefni kæranda í starfi sínu hjá RÚV.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Sunnu Valgerðardóttur**, ítrekar kærandi m.a. eðli og tilgang you-tube myndbands Samherja, sbr. ofangreint. Ekki sé réttlætanlegt að taka upp hanskann fyrir samstarfsmenn sína. Slíkar ábyrgðarleysisástæður séu ekki til sem víki ákvæðum siðareglna til hliðar. Jafnframt, að væri svigrúm til andsvara af hálfu starfsmanna RÚV eftir birtingu myndbandsins, þá taki það aðeins til þeirra starfsmanna sem sæta hinni opinberu gagnrýni. Hafi verið svigrúm fyrir kærðu til tjáningar þá rúmist ummæli kærðu ekki innan þess. Sömu kröfur verði að gera til kærðu varðandi ummæli á Facebook og í starfi hennar, enda tengi almenningur færslu hennar beinlínis við stofnunina, enda titluð starfsmaður RÚV á síðunni. Mál Sunnu sé sérstaklega alvarlegt þar sem 6 tímum eftir færslurnar hafi hún fjallað um málefni kæranda í kvöldfréttum RÚV.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Tryggva Aðalbjörnssonar**, ítrekar kærandi m.a. eðli og tilgang you-tube myndbands Samherja, sbr. ofangreint. Ekki sé réttlætanlegt að taka upp hanskann fyrir samstarfsmenn sína. Slíkar ábyrgðarleysisástæður séu ekki til sem víki ákvæðum siðareglna til hliðar. Jafnframt, að væri svigrúm til andsvara af hálfu starfsmanna RÚV eftir birtingu myndbandsins, þá taki það aðeins til þeirra starfsmanna sem sæta hinni opinberu gagnrýni. Verði slíkt svigrúm játað, þá byggir kærandi á því að kærði hafi farið út fyrir leyfileg mörk. Sömu kröfur verði að gera til kærða varðandi ummæli á Facebook og í starfi hans, enda tengi almenningur færslu hans beinlínis við stofnunina og hann titlaður starfsmaður RÚV á síðunni

Varðandi 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 þá telur kærandi ljóst að tjáningarfrelsi fjölmiðlamanna sé takmarkað m.a. með vísan til laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, einkum

4. mgr. 3. gr. og ákvæða laga nr. 37/2011 um fjölmiðla, einkum 26. gr. Það sé og ekki siðanefndar að skera úr um hvort siðareglurnar eða lög standist stjórnarskrá og sé takmarkað úrskurðarvald einskorðað við hvort siðareglur RÚV hafi verið brotnar eður ei.

Í viðbótarathugasemdum um málefni **Þóru Arnórsdóttur** ítrekar kærandi m.a. eðli og tilgang you-tube myndbands Samherja, sbr. ofangreint. Sérstaklega alvarlegt sé að opinber afstaða sé tekin í máli sem starfsmenn hafa fjallað um í starfi sínu. Sem ritstjóri eigi kærða að vera fyrirmynd. Sem yfirmaður sé brot hennar sérstaklega alvarlegt. Ekki sé réttlætjanlegt að taka upp hanskann fyrir starfsmenn sína. Slíkar ábyrgðarleysisástæður séu ekki til sem víki ákvæðum siðareglna til hliðar. Þrátt fyrir að svigrúm væri til andmæla, þá nái það ekki til samstarfsmanna. Hafi verið svigrúm fyrir kærðu til tjáningar þá rúmist ummæli kærðu ekki innan þess. Augljóst sé að siðareglurnar gildi um kærðu, en efasemdir hennar um að hún sé af þeim bundin renni frekari stoðum undir að kærða hafi brotið gegn reglunum án þess að láta þær sig varða.

Varðandi 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 þá telur kærandi ljóst að tjáningarfrelsi fjölmiðlamanna sé takmarkað m.a. með vísan til laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, einkum 4. mgr. 3. gr. og ákvæða laga nr. 37/2011 um fjölmiðla, einkum 26. gr. Það sé og ekki siðanefndar að skera úr um hvort siðareglurnar eða lög standist stjórnarskrá og sé takmarkað úrskurðarvald einskorðað við hvort siðareglur RÚV hafi verið brotnar eður ei.

Færslur kærðu séu skýrlega opinber afstaða, en ekki persónuleg skoðun á málefni. Einnig sé enginn fyrirvari á Facebook síðu kærðu, þar sem flestar færslur eru birtar um að þar séu um persónulegar skoðanir að ræða. Jafnframt sé skýrt að um „umræðu“ sé að ræða, enda samfélagsmiðlar sérstaklega tilgreindir í 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.

Hvað varðar hugtökin „pólitísk málefni“ og „umdeild mál“ þá sé ljóst að Namibíumálið sé pólitískt m.a. þar sem það hafi verið til umræðu á Alþingi og hér eigi ekki að beita þröngri túlkun. Um hugtakið „umdeild mál“ er m.a. vísað til þess að hugtakið eigi að túlka vítt, enda hefði verið hægt að þrengja það ef vilji hefði staðið til þess t.d. varðandi stór deilumál, en hér nái hugtakið til mála óháð stærð, en Namibíumálið er engu að síður stórt samfélagslegt deilumál og enn til rannsóknar hjá héraðssáksóknara en enginn ákærður á þessum tímamarki, ári síðar.

2. Helstu sjónarmið kærðu varðandi kærðu og viðbótarathugasemdir kæranda:

i. Sjónarmið og athugasemdir Aðalsteins Kjartanssonar:

Kærði þurfti í nokkur skipti að gera nauðsynlegar athugasemdir og leiðréttingar við málflutning kæranda og starfsmanna hans um Namibíumálið. Það gerði hann m.a. í gegnum samfélagsmiðla, en notkun samfélagsmiðla er órjúfanlegur hluti af starfsumhverfi blaðamanna. Því er mótmælt að með þessu hafi kærði tekið einhverja sérstaka afstöðu til

fréttaefnisins sem hann hafi ekki mátt, enda voru ummæli hans aðeins í samræmi við það sem áður hafði komið fram í umfjöllun hans um málið. Viðbrögð við myndbandi kæranda voru eðlileg og sjálfsgöð.

Kærði nýtur tjáningarfrelsis sem varið er af 73. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og fleiri alþjóðasáttmála. Þetta frelsi kærða verður ekki takmarkað nema með lögum og þurfa brýnir hagsmunir að búa að baki slíkum takmörkunum. Er þessi réttur til tjáningarfrelsis raunar sérstaklega mikilvægur blaðamönnum, sem taldir eru njóta rýmkaðs tjáningarfrelsis.

Kærði sjálfur kom ekki að staðfestingu siðareglna RÚV og hefur ekki með neinum beinum hætti staðfest að þær gildi um hans störf og vinnuveitandi hans hefur ekki gert kröfu um að kærði fari eftir þessum reglum í sínum störfum, en fyrirvarsmaður stofnunarinnar skipar hins vegar formann nefndarinnar sem metur hvort brotið hafi verið gegn reglunum.

Varðandi túlkun á 3. mgr. 4. gr. siðareglanna þá telur kærði að „afstaða“ sé ekki það sama og tjáning. Tjáning blaðamanns feli ekki endilega í sér afstöðu til þeirra aðila sem um er fjallað. „Umræða“ er að mati kærða ekki það sama og að blaðamaður tjái skoðun eða geri athugasemdir. „Pólitísk málefni“ merkir í sinni einföldustu mynd stjórnsmál, og varðar því stjórnun lands og sveitarfélaga. Hugtakið „umdeild mál“ er erfitt að skilgreina, en má ætla að það vísi til samfélagslegra deilumála, hvort sem þau séu pólitísk eða ekki. Hér verði að beita þröngri skýringu.

Af framangreindu er ljóst með gagnályktun að starfsmanni RÚV, sem sinnir umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð, er heimilt að tjá sig um og jafnvel taka opinberlega afstöðu til mála sem ekki teljast pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni. Þá verður að telja að starfsmanni RÚV hljóti að vera heimilt að tjá sig í eigin nafni ef ljóst er að það er ekki gert í nafni stofnunarinnar, sem og að deila upplýsingum á Facebook.

Siðareglurnar mega ekki vera slíkur fjötur um fót stofnunarinnar og starfsmanna hennar, að þeim sé beinlínis hvorki heimilt að tjá sig um mál sem þeir eru að fjalla um né sé þeim heimilt að bregðast við ófyrirleitnum árásum utanaðkomandi aðila, sem hafa það yfirlýsta markmið að draga úr trúverðugleika blaðamanna

Því er sérstaklega mótmælt að brot kærða séu sérstaklega alvarleg þar sem hann hafi ítrekað fjallað um málið í miðlum Ríkisútvarpsins. Í raun eru þetta öfugmæli, því sú staðreynd að kærði hefur ítrekað fjallað um málið í miðlum Ríkisútvarpsins gerir það að verkum að hann getur ekki talist brjóta gegn siðareglum RÚV með því að tjá sig um það, heldur er það beinlínis skylda hans sem blaðamaður að miðla upplýsingum um málið.

Youtube-myndbandið sem kærandi lét framleiða sé, að mati kærða, bein árás á trúverðugleika blaðamanna og Ríkisútvarpsins og hafi að geyma ósannar fullyrðingar um störf blaðamanns og persónu hans. Það er mikilvægt undir slíkum kringumstæðum að blaðamenn og fjölmiðlar almennt fái sanngjarnt tækifæri til að standa vörð um sína verðmætustu eign, trúverðugleika

sinn. Það gera blaðamenn með því að bregðast við ásökunum um falsanir, rangfærslur og ósannindi, leiðréttu það sem er rangt og bera af sér sakir. Þannig varðveita þeir ekki aðeins trúverðugleika sinn heldur einnig þeirrar fréttastofu sem þeir starfa fyrir. Bregðist þeir ekki við slíkum árásum er hætt við að trúverðugleiki þeirra og fjölmiðilsins skaðist varanlega. Að sama skapi er fyllilega eðlilegt að aðrir, svo sem samstarfsmenn viðkomandi blaðamanns, tjái sig um árásir líkt og kærandi þessa máls viðhafði, ekki aðeins á kærða heldur á fjölmiðilinn sem slíkan og þar með aðra blaðamenn sem þar starfa. Slík viðbrögð fela ekki í sér opinbera afstöðu til máls sem fallin er til að draga úr trúverðugleika stofnunar, heldur þvert á móti standa vörð um hann og verjast ósanngjörnum og tilhæfulausum árásum um óheiðarleika. Þá er mikilvægt að blaðamaður geti tjáð sig um mál sem hann er með til umfjöllunar og notað t.d. samfélagsmiðla til að koma upplýsingum um það á framfæri.

Í ljósi þess að ekki liggur fyrir efnisleg túlkun um hversu langt ákvæðinu er ætlað að ganga í að takmarka tjáningarfrelsi, skal túlka siðareglurnar þannig að þær samræmist stjórnarskrá, lögum og skoðunum fræðimanna.

Siðanefnd RÚV hefur það hlutverk að túlka siðareglurnar og gerir það ekki í lagalegu tómarúmi, heldur verður að túlka siðareglurnar, sem fjalla um tjáningarfrelsi, með hliðsjón af þeim lögum sem í landinu gilda, þar á meðal 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum samningum sem lögfestir hafa verið hér á landi og hafa þýðingu við túlkun á tjáningarfrelsi.

ii. Sjónarmið og athugasemdir Helga Seljan:

Að mati kærða snýst kærán ekki um að það sem sagt eða skrifað hefur verið sé rétt eða rangt, heldur hvort kærði eða aðrir megi yfirhöfuðið segja nokkuð það um fyrirtækið, sem forsvarsmönnum þess kann mögulega að mislíka að sé sagt. Krafa sem getur ekki með nokkru móti talist eðlileg eða yfirleitt tæk til umfjöllunar í lýðræðissamfélagi.

Forsvarsmönnum kæranda var gefið mun rýmra svigrúm en jafnan til að bregðast við efni umfjöllunarinnar í Kveik, fyrirfram og boðið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í viðtali við RÚV, áður og eftir birtingu hennar. Því hafnaði fyrirtækið, bæði þá og síðar.

Eftir birtingu í Kveik, brást kærandi við umfjöluninni, með yfirlýsingum og viðtölum í völdum fjölmiðlum. Kærði og samstarfsmenn hans héldu áfram umfjöllun. Þetta gerði kærði ekki aðeins á RÚV heldur einnig í gegnum viðtöl við innlenda og erlenda fjölmiðla, svo og í gegnum samfélagsmiðla.

Kærði þurfti í nokkur skipti að gera nauðsynlegar athugasemdir og leiðréttingar við málflutning kæranda og starfsmanna hans um Namibíumálið. Það gerði hann m.a. gegnum samfélagsmiðla, en notkun samfélagsmiðla er órjúfanlegur hluti af starfsumhverfi blaðamanna. Ummælin hafi verið í samræmi við það sem áður hafði komið fram í umfjöllun um málið. Því er mótmælt að með þessu hafi kærði tekið einhverja sérstaka afstöðu til

fréttæfnisins sem hann hafi ekki mátt, enda voru ummæli hans aðeins í samræmi við það sem áður hafði komið fram í umfjöllun hans um málið.

Í myndbandi kæranda var kærði sakaður um að hafa byggt umfjöllun í Kastljósi á skýrslu sem aldrei hafi verið til, þó þar hafi kærði reyndar líka verið sakaður um að hafa átt við sömu skýrslu. Þessa sem aldrei var til. Með þessum ásökunum fylgdu svo viðtöl við starfsmenn og lögmann kæranda, sem kvaðst geta fært fyrir því rök að með þessari fölsun hefði kærði orðið til þess að fremja hegningarlagabrot. Þá var spiluð hljóðupptaka í þættinum af kærða sem tekin hafði verið upp með leynd með ólögmatum hætti án vitundar kærða frá fundi sem kærði átti með manni sem þá virðist hafa gegnt einhvers konar hlutverki sérstaks einkaspjara Samherja.

Markmið umfjöllunar kæranda hafi verið reyna að hafa áhrif á og helst stöðva alla frekari umfjöllun um fyrirtækið og málefni þess og ráðast að trúverðugleika kærða sem blaðamanns og trausti Ríkisútvarpsins sem fjölmiðils. Bera fram fjölmargar rangfærslur um kærða og hans störf sem blaðamanns og bera á hann alvarlegar sakir. Í myndbandinu var engin tilraun gerð til hlutlægrar umfjöllunar, heldur var eingöngu rætt við aðila nákomna kæranda, lögmann hans og aðra starfsmenn eða sambærilega aðila.

Þessi aðferðafræði á sér engin fordæmi hérlendis og jafnvel ekki erlendis heldur.

Kærði, sem og aðrir blaðamenn, hvort heldur sem þeir störfuðu fyrir RÚV eða ekki, brugðust við myndbandi kæranda og fordæmdu vinnubrögðin og þessa aðför að trúverðugleika blaðamanna. Þau viðbrögð voru eðlileg og sjálfsögð.

Kærði nýtur tjáningarfrelsis sem varið er af 73. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og fleiri alþjóðasáttmála. Þetta frelsi kærða verður ekki takmarkað nema með lögum og þurfa brýnir hagsmunir að búa að baki slíkum takmörkunum. Er þessi réttur til tjáningarfrelsis raunar sérstaklega mikilvægur blaðamönnum, sem taldir eru njóta rýmkaðs tjáningarfrelsis.

Kærði sjálfur kom ekki að staðfestingu siðareglna RÚV og hefur ekki með neinum beinum hætti staðfest að þær gildi um hans störf og vinnuveitandi hans hefur ekki gert kröfu um að kærði fari eftir þessum reglum í sínum störfum, en fyrirsvarsmaður stofnunarinnar skipar hins vegar formann siðanefndarinnar sem metur hvort brotið hafi verið gegn reglunum.

Varðandi túlkun á 3. mgr. 4. gr. siðareglanna þá telur kærði að „afstaða“ sé ekki það sama og tjáning. Tjáning blaðamanns feli ekki endilega í sér afstöðu til þeirra aðila sem um er fjallað. „Umræða“ er að mati kærða ekki það sama og að blaðamaður tjái skoðun eða geri athugasemdir. „Pólitísk málefni“ merkir í sinni einföldustu mynd stjórnámál, og varðar því stjórnun lands og sveitarfélaga. Hugtakið „umdeild mál“ er erfitt að skilgreina, en má ætla að það vísi til samfélagslegra deilumála, hvort sem þau séu pólitísk eða ekki. Hér verði að beita þröngri skýringu.

Af framangreindu er ljóst með gagnályktun að starfsmanni RÚV, sem sinnir umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð, er heimilt að tjá sig um og jafnvel taka opinberlega afstöðu til mála sem ekki teljast pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni. Þá verður að telja að starfsmanni RÚV hljóti að vera heimilt að tjá sig í eigin nafni ef ljóst er að það er ekki gert í nafni stofnunarinnar.

Siðareglurnar mega ekki vera slíkur fjötur um fót stofnunarinnar og starfsmanna hennar, að þeim sé beinlínis hvorki heimilt að tjá sig um mál sem þeir eru að fjalla um né sé þeim heimilt að bregðast við ófyrirleitnum árásum utanaðkomandi aðila, sem hafa það yfirlýsta markmið að draga úr trúverðugleika blaðamanna

Því er sérstaklega mótmælt að brot kærða séu sérstaklega alvarleg þar sem hann hafi ítrekað fjallað um málið í miðlum Ríkisútvarpsins. Í raun eru þetta öfugmæli, því sú staðreynd að kærði hefur ítrekað fjallað um málið í miðlum Ríkisútvarpsins gerir það að verkum að hann getur ekki talist brjóta gegn siðareglum RÚV með því að tjá sig um það, heldur er það beinlínis skylda hans sem blaðamanns að miðla upplýsingum um málið.

Youtube-myndbandið sem kærandi lét framleiða sé, að mati kærða, bein árás á trúverðugleika blaðamanna og Ríkisútvarpsins og hafi að geyma ósannar fullyrðingar um störf blaðamanns og persónu hans. Það var hins vegar brýnt fyrir þá sem árásinni var beint að, að bregðast við. Siðareglur sem myndu girða fyrir slík viðbrögð ynnu gegn því markmiði að varðveita trúverðugleika og traust.

Málið sem kærði fjallaði um sé hvorki pólitískt né umdeilt á nokkurn hátt.

Öll ummælin féllu á samfélagsmiðlum, sem eru notaðir af blaðamönnum um allan heim við störf. Blaðamaður sé ekki sviptur frelsinu til að tjá sig, þó það sé á ákveðnu formi, því annars sé hann að taka „afstöðu“, sem sé óheimil.

Það er mikilvægt undir slíkum kringumstæðum sem hér eru uppi að blaðamenn og fjölmiðlar almennt fái sanngjarnt tækifæri til að standa vörð um sína verðmætustu eign, trúverðugleika sinn. Það gera blaðamenn með því að bregðast við ásökunum um falsanir, rangfærslur og ósannindi, leiðrétt það sem er rangt og bera af sér sakir. Þannig varðveita þeir ekki aðeins trúverðugleika sinn heldur einnig þeirrar fréttastofu sem þeir starfa fyrir. Bregðist þeir ekki við slíkum árásum er hætt við að trúverðugleiki þeirra og fjölmiðilsins skaðist varanlega. Að sama skapi er fyllilega eðlilegt að aðrir, svo sem samstarfsmenn viðkomandi blaðamanns, tjái sig um árásir líkt og kærandi þessa máls viðhafði, ekki aðeins á kærða heldur á fjölmiðilinn sem slíkan og þar með aðra blaðamenn sem þar starfa. Slík viðbrögð fela ekki í sér opinbera afstöðu til máls sem fallin er til að draga úr trúverðugleika stofnunar, heldur þvert á móti að standa vörð um hann og verjast ósanngjörnum og tilhæfulausum árásum um óheiðarleika.

Í ljósi þess að ekki liggur fyrir efnisleg túlkun um hversu langt ákvæðinu er ætlað að ganga í að takmarka tjáningarfrelsi, skal túlka siðareglurnar þannig að þær samræmist stjórnskrá, lögum og skoðunum fræðimanna.

Siðanefnd RÚV hefur það hlutverk að túlka siðareglurnar og gerir það ekki í lagalegu tómarúmi, heldur verður að túlka siðareglurnar, sem fjalla um tjáningarfrelsi, með hliðsjón af þeim lögum sem í landinu gilda, þar á meðal 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum samningum sem lögfestir hafa verið hér á landi og hafa þýðingu við túlkun á tjáningarfrelsi. Siðanefndin mun að sjálfsögðu þurfa að líta til grunnraka að baki þessum meginreglum við túlkun á siðareglunum.

Úrskurður siðanefndar RÚV nr. 1/2019 eigi og við í máli þessu.

iii. Sjónarmið og athugasemdir Freys Gígy Gunnarssonar:

Í færslu sem kærði skrifaði þann 11. ágúst var viðbrögðum yfirmanna RÚV deilt og þeim hughrifum lýst sem hann varð fyrir við að horfa á myndskreiðið um samstarfsmann sinn og þá stofnun sem hann vinnur hjá. Færslur kærða hafi verið viðbrögð við tilraun Samherja til að skaða trúverðugleika RÚV, vinnustaðar hans. Það sé mikilvægt undir slíkum kringumstæðum að blaðamenn og fjölmiðlar almennt fái sanngjarnt tækifæri til að standa vörð um sína verðmætustu eign, trúverðugleika sinn. Það gera blaðamenn með því að bregðast við ásökunum um falsanir, rangfærslur og ósannindi, leiðrétt það sem er rangt og bera af sér sakir. Bregðist þeir ekki við slíkum árásum er hætt við að trúverðugleiki þeirra, fréttastofu og fjölmiðilsins skaðist varanlega. Að sama skapi sé fyllilega eðlilegt að aðrir, svo sem samstarfsmenn viðkomandi blaðamanns, tjái sig um árásir líkt og kærandi þessa máls viðhafði, ekki aðeins á kærða heldur á fjölmiðilinn sem slíkan og þar með aðra blaðamenn sem þar starfa. Slík viðbrögð fela ekki í sér opinbera afstöðu til máls sem fallin er til að draga úr trúverðugleika stofnunar, heldur þvert á móti standa vörð um hann og verjast ósanngjörnum og tilhæfulausum árásum um óheiðarleika.

Kærði vísar í úrskurð siðanefndar RÚV nr. 1/2019 varðandi þau sjónarmið að siðareglurnar geti ekki takmarkað frelsi starfsmanna RÚV til að bregðast við opinberri gagnrýni á þeirra störf og að játa verði blaðamönnum sem sæta opinberum ásökunum svigrúm til að svara þeim.

iv. Sjónarmið og athugasemdir Láru Ómarsdóttur:

Kærða vísar til 73. gr. stjórnarskrárinnar og rétt sem hún veitir til þess að tjá sig. Að setja „læk“ við færslu er ekki þátttaka í umræðu, eða hægt á nokkurn hátt að fullyrða hvað slíkt þýði af hálfu kærðu, hvort henni hafi þótt færslan sköndin, áhugaverð eða eitthvað allt annað, t.d. taka undir hluta ummælanna, sbr. „Áfram Kveikur“. Hvað varðar viðbrögð við myndböndum Samherja, þá vinni hún náið með Helga Seljan í fréttaskýringaþáttum Kveiks á RÚV og sitji með honum í ritstjórn hans. Hún hafi endurbirt yfirlýsingar fréttastjóra og útvarpsstjóra á Facebook-vegg sínum með tilvitnun í orð þeirra. Sama gildir um að deila færslu Félags fréttamanna, eða endurbirtingu færslu Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks, og

Helga Seljan um málefni Samherja, og segi m.a. að ekkert sé hæft í ásökunum Samherja gegn Helga Seljan og RÚV. Það sé ekki að taka opinbera afstöðu til pólitísks málefnis eða umdeilda mála í þjóðfélagsumræðunni, þvert á móti verið að bregðast við myndbandi Samherja. Um var að ræða viðbrögð og stuðning við blaðamann sem varð fyrir ófyrirleitinni og bíræfni árás. Kærða hlýtur að mega svara rangfærslum og lygatilburðum sem eru til þess fallin að rýra trúverðuleika Ríkisútvarpsins. Þegar vegið er að heiðri náins samstarfsmanns og fyrirtækisins sem kærða starfa fyrir er um leið vegið að starfsheiðri og trúverðuleika kærðu sem og allra þeirra fjölmörgu sem starfa hjá RÚV. Það er afar mikilvægt undir slíkum kringumstæðum að blaðamenn og fjölmiðlar fái sanngjarnt tækifæri til að standa vörð um trúverðuleikann og bregðast við ásökunum um falsanir, rangfærslur, ósannindi og óheiðarleika og leiðréttu það sem rangt er. Annað skaði trúverðuleika, sem m.a. siðareglunum er ætlað að vernda.

v. Sjónarmið og athugasemdir Rakelar Þorbergsdóttur:

Ákvæði 3. mgr. 4. gr. siðareglanna svipta ekki fréttamenn og forsvarsmenn fréttastofu RÚV þeim grundvallarréttindum að geta gripið til varna gegn ásökunum um óheiðarleg vinnubrögð og meint brot í starfi. Það er og hluti af starfi fréttastjóra að gæta að hagsmunum fréttastofu og starfsmanna hennar, m.a. að bregðast við alvarlegum ásökunum. Yfirlýsing útvarpsstjóra og fréttastjóra var andsvar við myndbandi Samherja sem innihélt meiðyrði og grafalvarlegar ásakanir á hendur fréttastofunni. Að fréttastjóri bregðist við gerir brot ekki alvarlegt, það er í eðli starfsins.

Fréttstofa RÚV nýtur mikils trausts og nauðsynlegt að verja það. Sé ekki brugðist við ásökunum um óheiðarleg vinnubrögð eða falsfréttir hunsaðar, er hætta á að trúverðuleiki og traust fréttastofunnar bíði á endanum hnekki. Siðareglurnar geta aldrei svipt fréttamenn og forsvarsmenn fréttastofunnar réttinum til að verjast.

Samkvæmt 24. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 ber fjölmiðlaveitum að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni sem nái bæði til starfsskilyrða og starfshátta þessara starfsmanna, þ.m.t. stjórnenda. Í lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 er áréttað að RÚV skuli sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þ.m.t. um mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana, sbr. 3. gr. laganna. Að sama skapi segir í ákvæðinu að RÚV eigi að vera óháð stjórnmalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnis meðferð og ritstjórnarákvörðunum og stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, féлага og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings.

73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands tryggir öllum frelsi til skoðanna sinna og sannfæringar og kveður á um að ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Tjáningarfrelsið er einnig verndað í 10. gr. Mannréttindassáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1994. Þá ber einnig að hafa í huga að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í fjölmörgum málum fjallað um mikilvægi

fjölmíðla og fréttáflutnings í lýðræðislegu samfélagi sem og vernd starfa fréttamanna samkvæmt 10. gr. Mannréttindasáttmálans.

Til fyllingar ofangreindu eru vinnureglur fréttastofu og siðareglur RÚV. Við túlkun þeirra þarf samt að hafa til hliðsjónar ákvæði laga um ritstjórnarlegt sjálfstæði og hið lögbundna hlutverk fréttastofunnar sem felst m.a. í því að rýna störf yfirvalda, féлага og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings. Þá njóta störf fréttamanna einnig verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar sem og 10. gr. Mannréttindasáttmálans. Túlkun kæranda á ákvæðum siðareglunnanna færi gegn ákvæðum laga um ritstjórnarlegt sjálfstæði og hlutverki fréttastofu RÚV. Að auki fæli hún í sér brot við reglum um tjáningarfrelsi. Færsla kærðu var heldur ekki um pólitískt málefni eða umdeilt mál í þjóðfélaginu, heldur tilgreindar ásakanir kæranda.

vi. Sjónarmið og athugasemdir Sigmars Guðmundssonar:

Forsaga málsins er umfjöllun í Kastljósi árið 2012 um verðlagningu á fiski á milli fyrirtækja innan sömu samstæðu. Um slíkt hafi verið margoft fjallað enda hafi sjómenn ítrekað kvartað undan því að þegar fyrirtæki (Samherji í þessu tilviki) selji fisk til eigin fyrirtækja erlendis fái áhöfn lægra verð fyrir afurðina. Það þýði lægri laun fyrir sjómenn og lægri skatttekjur fyrir ríkissjóð svo fátt eitt sé talið. Þegar umfjöllunin fór í loftið hafi kærði verið ritstjóri Kastljóss, yfirmaður Helga Seljan, sem vann umfjöllunina, og því borið ritstjórnarlega ábyrgð á þessari umfjöllun.

Myndband kæranda var mjög alvarlegur atvinnurógur enda verið að saka kærða um að hafa þverbrotið reglur RÚV um fréttáöflun. Í ásökuninni fólst einnig að kærði hafi farið gegn almennum og góðum gildum blaðamenskunnar og í raun gegn anda þeirra laga og reglna sem fjölmíðlar starfa eftir hér á landi. Undir þessu hafi kærði ekki getað setið. Hann hafi starfsheiður og orðspor að vernda því án þess sé fréttamaður lítills virði, en hann hafi alla tíð tekið starf sitt alvarlega og unnið samkvæmt reglum og þeim gildum sem starfinu fylgja. Færsluna beri að skoða í því ljósi.

Hann hafi jafnframt verið að svara fyrir Kastljósið og lýsa yfir stuðningi við Helga Seljan, undirmann sinn, sem varð fyrir ófyrirleitinni og bíræfni árásum. Það er mikilvægt undir slíkum kringumstæðum að blaðamenn og fjölmíðlar almennt fái sanngjarnt tækifæri til að standa vörð um sína verðmætustu eign, trúverðugleika sinn. Það geri blaðamenn með því að bregðast við ásökunum um falsanir, rangfærslur og ósannindi, leiðrétt það sem er rangt og bera af sér sakir. Þannig varðveita þeir ekki aðeins trúverðugleika sinn heldur einnig þeirrar fréttastofu sem þeir starfa fyrir. Bregðist þeir ekki við slíkum árásum er hætt við að trúverðugleiki þeirra og fjölmíðilsins skaðist varanlega.

Fréttamaður eigi rétt á að bregðast við opinberum ásökunum um lögbrot og að hafa farið á svig við almenn gildi góðrar fréttamennsku. Jafnframt sé það að svara aðdróttunum ekki það sama og að taka þátt í umræðu um pólitísk álitamál eða umdeildri samfélagsumræðu.

vii. Sjónarmið og athugasemdir Snærosar Sindradóttur:

Kærða hvorki gegndi starfi fréttamanns á RÚV, né hafi nokkurn tímann gegnt slíku starfi hjá RÚV. Þegar kæra Samherja var samin og þegar henni barst hún gegndi hún starfi verkefnastjóra RÚV núll hjá fyrirtækinu. Hún hafi ekki verið í neinni dagskrárgerð á því tímabili sem ummælin á Twitter voru látin falla og kom ekki fram fyrir hönd fyrirtækisins í neinu dagskrárefni þess á tímabilinu.

Með ummælum sínum hafi kærða ekki tekið afstöðu til fyrirtækisins Samherja eða myndbands þess að öðru leyti en því að deila frétt sem benti á að þær fullyrðingar sem í myndbandinu fólust hefðu reynst rangar. Þannig er ekki tekin afstaða til fyrirtækisins Samherja eða myndbands þess að öðru leyti. Hennar eigin ummæli hafi svo annars vegar verið fullyrðing og hins vegar gamansöm endursögn á athugasemd við frétt Vísis af dularfullu hljóði á Akureyri. Hugtakið „sinnir“ er lykilorð, en hún hafi ekki sinnt umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð, eins og 4. mgr. 3. gr. siðareglanna tali um. Hún hafi verið verkefnastjóri eins og fá megi staðfest hjá RÚV. Að lokum bendir kærða á að siðareglurnar, sem starfsmönnum RÚV er gert að starfa eftir, standist ekki 73. grein stjórnarskrár Íslands, um frjálsa tjáningu.

viii. Sjónarmið og athugasemdir Stígs Helgasonar:

Þar er fyrst til að taka að erfitt er að sjá að ummælin sem undirritaður er kærður fyrir gangi á nokkurn hátt lengra en yfirlýsing útvarpsstjóra og fréttastjóra RÚV sem send var út að morgni 11. ágúst 2020 vegna málsins. Í yfirlýsingunni er sagt að það sé „líklega einsdæmi að stórfyrirtæki leggi í persónulega herferð gegn blaðamanni með áratuga reynslu“, myndband Samherja kallað „gróf árás“ sem þjóni þeim eina tilgangi að skaða mannorð fréttamanns, það sagt ganga mun lengra en fyrri kerfisbundnar atlögur að íslenskum fjölmiðlum, það er kallað „herferð stórfyrirtækis gegn mannorði [Helga] og æru“ og það er fordæmt.

Sömu sjónarmið eigi við hér og í úrskurði siðanefndar RÚV nr. 1/2019, þ.e. að heimilt sé að svara ásökunum. Heilindi fréttastofunnar og stofnunarinnar í heild hafi verið dregin í efa og þá hlýtur að verða að játa starfsmönnum svigrúm til að grípa til varna fyrir sig, kollega sína og vinnustað. Þá verður jafnframt að líta til þess að kærði hafi sjálfur fjallað í fréttum um þau málefni Samherja sem til umfjöllunar voru í myndbandi fyrirtækisins og borið sem vaktstjóri ábyrgð á fréttatímum þar sem það er gert, og hafði því enn ríkari ástæðu til að bregðast við ávirðingunum.

Kærði hafi heldur ekki tekið neina opinbera afstöðu um málefni kæranda, heldur snérist málið um að svara ávirðingum á hendur samstarfsmönnum og vinnustað, ásamt þannig eigin vinnubrögðum, sem höfundur og ábyrgðamanni ýmissa fréttatíma þar sem um umrætt efni var fjallað.

Þótt kærði telji blasa við að kærð ummæli séu ekki brot á siðareglum RÚV, verði og ekki hjá því komist að benda á þann vafa sem ríkir um hvort 4. mgr. 3. gr. siðareglna RÚV standist ákvæði stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi.

ix. Sjónarmið og athugasemdir Sunnu Valgerðardóttur:

Ummæli kærðu verði með engu móti álitin opinber afstaða til pólitísku eða umdeilda máls. Yfirlýsingin er einfaldlega viðbrögð og stuðningur við blaðmann sem verður fyrir ófyrirleitinni og bítæfni árás.

Það er mikilvægt undir slíkum kringumstæðum að blaðamenn og fjölmiðlar almennt fái sanngjarnt tækifæri til að standa vörð um sína verðmætustu eign, trúverðugleika sinn. Það gera blaðamenn með því að bregðast við ásökunum um falsanir, rangfærslur og ósannindi, leiðréttá það sem er rangt og bera af sér sakir. Þannig varðveita þeir ekki aðeins trúverðugleika sinn heldur einnig þeirrar fréttastofu sem þeir starfa fyrir. Bregðist þeir ekki við slíkum árásum er hætt við að trúverðugleiki þeirra og fjölmiðilsins skaðist varanlega. Að sama skapi er fyllilega eðlilegt að aðrir, svo sem samstarfsmenn viðkomandi blaðamanns, tjái sig um árásir líkt og kærandi þessa máls viðhafði, ekki aðeins á kærðu heldur á fjölmiðilinn sem slíkan og þar með aðra blaðamenn sem þar starfa. Slík viðbrögð fela ekki í sér opinbera afstöðu til máls sem fallin er til að draga úr trúverðugleika stofnunarinnar, heldur þvert á móti standa vörð um hann og verjast ósanngjörnum og tilhæfulausum ásökunum um óheiðarleika.

Varðandi orðalag í kærðu að kærða hafi fjallað um Samherja í 19 fréttum sjónvarps er málinu óviðkomandi, enda var fréttin „ballanseruð“ og sanngjörn, leitast eftir að fjalla um málið frá öllum sjónarmiðum. Enda er undirrituð ekki kærð fyrir fréttina, heldur deilinguna á Facebook.

x. Sjónarmið og athugasemdir Tryggva Aðalbjörnssonar:

Í ljósi þeirra alvarlegu ásakana og rangfærslna sem birtust í myndbandinu 11. ágúst 2020 var eðlilegt að aðrir blaðamenn Kveiks og fréttastofunnar, sem og dagskrárgerðarmenn Ríkisútvarpsins, brygðust við og bæru hönd fyrir höfuð sér.

Kærði brást við og fordæmdi þessa árás fyrirtækisins á heiðarlega blaðamennsku. Þau viðbrögð voru ekki bara eðlileg og sjálfsögð, heldur nauðsynleg. Kærði tók enga afstöðu til málefna kæranda, né kom þar fram sérstök skoðun á kæranda.

Kærði njóti tjáningarfrelsis sem varið er af 73. gr. stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og fleiri alþjóðasáttmálum. Þetta frelsi verður ekki takmarkað nema með lögum, og þurfa brýnir hagsmunir að búa að baki slíkum takmörkunum. Þessi réttur til tjáningarfrelsis er eðli málsins samkvæmt sérstaklega mikilvægur blaðamönnum, sem taldir eru njóta rýmkaðs tjáningarfrelsis.

Þó kærði hafi lýst vanþóknun á árás stórfyrirtækis á samstarfsmann og fjölmiðilinn sem hann vinni fyrir, hefur augljóslega ekkert með pólitísk málefni að gera. Það getur heldur ekki flokkast sem opinber afstaða til umdeilds máls í þjóðfélagsumræðunni.

Siðareglurnar mega ekki vera stofnuninni og blaðamönnum hennar slíkur fjötur um fót að blaðamönnum sé bannað að tjá sig á eðlilegan hátt í tengslum við mál sem þeir fjalla um eða bregðast við árásum utanaðkomandi aðila - árásum sem hafa það augljósa markmið að draga úr trúverðugleika blaðamanna. Þá myndu siðareglurnar vinna gegn markmiði sínu.

Undir þeim kringumstæðum sem um er rætt er mikilvægt að blaðamenn fái tækifæri til að standa vörð um sína verðmætustu eign, trúverðugleika sinn, með því að bera af sér sakir og leiðréttá ósannar áskanir um falsanir, rangfærslur og ósannindi. Þannig varðveita þeir ekki aðeins eigin trúverðugleika heldur einnig þeirrar fréttastofu sem þeir starfa fyrir, og standa um leið vörð um tjáningarfrelsið.

Úrskurður siðanefndar RÚV nr. 1/2019 er leiðbeinandi fyrir hvernig skuli leysa úr slíkum málum.

xi. Sjónarmið og athugasemdir Þóru Arnórsdóttur:

Kærða nýtur tjáningarfrelsis sem varið er af 73. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og fleiri alþjóðasáttmála. Þetta frelsi kærðu verður ekki takmarkað nema með lögum og þurfa brýnir hagsmunir að búa að baki slíkum takmörkunum. Er þessi réttur til tjáningarfrelsis raunar sérstaklega mikilvægur blaðamönnum, sem taldir eru njóta rýmkaðs tjáningarfrelsis.

Kærða sjálf kom ekki að staðfestingu siðareglna RÚV og hefur ekki með neinum beinum hætti staðfest að þær gildi um hennar störf og vinnuveitandi hennar hefur ekki gert kröfu um að kærða fari eftir þessum reglum í sínum störfum, en fyrirvarsmaður stofnunarinnar skipar hins vegar formann nefndarinnar sem metur hvort brotið hafi verið gegn reglunum.

Varðandi túlkun á 3. mgr. 4. gr. siðareglanna þá telur kærða að „afstaða“ sé ekki það sama og tjáning. Tjáning blaðamanns feli ekki endilega í sér afstöðu til þeirra aðila sem um er fjallað. „Umræða“ er að mati kærðu ekki það sama að blaðamaður tjái skoðun eða geri athugasemdir. „Pólitísk málefni“ merkir í sinni einföldustu mynd stjórnsmál, og varðar því stjórnun lands og sveitarfélaga. Hugtakið „umdeild mál“ er erfitt að skilgreina, en má ætla að það vísi til samfélagslegra deilumála, hvort sem þau séu pólitísk eða ekki. Hér verði að beita þröngri skýringu.

Af framangreindu er ljóst með gagnályktun að starfsmanni RÚV, sem sinnir umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð, er heimilt að tjá sig um og jafnvel taka opinberlega afstöðu til mála sem ekki teljast pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni. Þá

verður að telja að starfsmanni RÚV hljóti að vera heimilt að tjá sig í eigin nafni ef ljóst er að það er ekki gert í nafni stofnunarinnar, sem og að deila upplýsingum á Facebook.

Siðareglurnar mega ekki vera slíkur fjötur um fót stofnunarinnar og starfsmanna hennar, að þeim sé beinlínis hvorki heimilt að tjá sig um mál sem þeir eru að fjalla um né sé þeim heimilt að bregðast við ófyrirleitnum árásum utanaðkomandi aðila, sem hafa það yfirlýsta markmið að draga úr trúverðugleika blaðamanna

Í yfirlýsingu kærðu komu fram leiðréttingar við rangfærslur kæranda og ábending um að kærandi hefði aldrei svarað spurningum Kveiks um málið. Haldlaus er sú athugasemd kæranda og raunar öfugsnúin að þar sem kærða sé ritstjóri sé meint brot hennar sérstaklega alvarlegt. Það er ekki síst hlutverk efnisstjórna að ganga fram fyrir skjöldu blaðamanna þegar ráðist er að trúverðugleika þeirra.

Youtube-myndbandið sem kærandi lét framleiða sé, að mati kærðu, bein árás á trúverðugleika blaðamanna og Ríkisútvarpsins og hafi að geyma ósannar fullyrðingar um störf blaðamanns og persónu hans. Það er mikilvægt undir slíkum kringumstæðum að blaðamenn og fjölmiðlar almennt fái sanngjarnt tækifæri til að standa vörð um sína verðmætustu eign, trúverðugleika sinn. Það gera blaðamenn með því að bregðast við ásökunum um falsanir, rangfærslur og ósannindi, leiðrétt það sem er rangt og bera af sér sakir. Þannig varðveita þeir ekki aðeins trúverðugleika sinn heldur einnig þeirrar fréttastofu sem þeir starfa fyrir. Bregðist þeir ekki við slíkum árásum er hætt við að trúverðugleiki þeirra og fjölmiðilsins skaðist varanlega. Að sama skapi er fyllilega eðlilegt að aðrir, svo sem samstarfsmenn viðkomandi blaðamanns, tjái sig um árásir líkt og kærandi þessa máls viðhafði, ekki aðeins á kæranda málsins heldur á fjölmiðilinn sem slíkan og þar með aðra blaðamenn sem þar starfa. Slík viðbrögð fela ekki í sér opinbera afstöðu til máls sem fallin er til að draga úr trúverðugleika stofnunar, heldur þvert á móti standa vörð um hann og verjast ósanngjörnum og tilhæfulausum árásum um óheiðarleika. Þá er mikilvægt að blaðamaður geti tjáð sig um mál sem hann er með til umfjöllunar og notað t.d. samfélagsmiðla til að koma upplýsingum um það á framfæri.

Myndband kæranda var ekkert annað en árás á trúverðugleika blaðamanns sem vann með undirritaðri að óþægilegri umfjöllun um mál kæranda. Sem ritstjóra þáttarins bar kærðu ríkari skylda en öðrum til að bregðast við árás á starfsmanninn. Þótt myndbandið hafi verið hroðvirknislega unnið og byggt upp á dylgjum og mótsögnum, dugar það ekki til þess að við árásinni skuli ekki brugðist. Að taka upp hansann fyrir starfsmanninn og birta málsvörn hans á samfélagsmiðli var sjálfsögð skylda ritstjóra, sem þekkir gerst fagleg vinnubrögð téðs starfsmanns eftir margra ára samstarf.

Siðanefnd RÚV hefur það hlutverk að túlka siðareglurnar og gerir það ekki í lagalegu tómarúmi, heldur verður að túlka siðareglurnar, sem fjalla um tjáningarfrelsi, með hliðsjón af þeim lögum sem í landinu gilda, þar á meðal 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum samningum sem lögfestir hafa verið hér á landi og hafa þýðingu við túlkun á tjáningarfrelsi.

Úrskurður siðanefndar RÚV nr. 1/2019 sé leiðbeinandi fyrir það hvernig skuli leysa úr slíkum umkvörtunum eins og hér eru lagðar fram.

V. Forsendur og niðurstaða.

1. Málsmeðferð.

Í 5. gr. siðareglna RÚV kemur m.a. fram að öllum sé frjálst að senda siðanefnd erindi og að nefndin starfi samkvæmt starfsreglum sem stjórn RÚV staðfesti. Starfsreglurnar eigi að lýsa meðferð máls fyrir nefndinni, m.a. hvernig nefndin afli gagna og athugasemda málsaðila, hvernig hún upplýsi mál og birtir niðurstöður. Tekið skuli mið af málsmeðferð fyrir dómstólum og opinberum stjórnvöldum sem ætlað sé að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun. Nefndin mæli ekki fyrir um viðurlög, en taki afstöðu til alvarleika brots og hvort um endurtekið brot sé að ræða. Jafnframt segir að ef niðurstaða nefndarinnar bendi til þess að um sé að ræða brot í starfi í skilningi laga skuli nefndin vekja athygli útvarpsstjóra á því.

Starfsreglur um siðanefndina bera með sér að málsmeðferð sé ætlað að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun. M.a. segir að taka skuli mið af ákvæðum stjórnarsýslulaga við mat á hæfi nefndarmanna, og í 5. gr. starfsreglnanna segir að nefndin tilkynni kærðu um kæru og veiti frest til að lýsa viðhorfum. Í 6. gr. reglnanna er talað um andmælarétt aðila málsins, og segir að málsaðili skuli eiga þess kost að tjá sig um framkomna kæru, öll gögn sem aflað hefur verið og afstöðu annarra málsaðila ef til er að dreifa.

Það er ljóst að þeir hagsmunir sem siðareglurnar taka til geta varðað bæði kæranda og kærða miklu. Þó nefndin mæli ekki fyrir um eiginleg viðurlög þá eru úrskurðir hennar opinberlega birtir. Til að tryggja rétt þeirra sem kæra brot á siðareglunum, og hagsmuni þeirra sem kærðir eru fyrir brot, er því mikilvægt að málsmeðferð sé óhlutdræg, málefnaleg og vönduð. Að mati siðanefndarinnar gera siðareglunur og starfsreglurnar þær kröfur að nefndin byggji á og virði meginreglur stjórnarsýslunnar, m.a. um jafnan aðgang aðila að öllum gögnum málsins, mál sé nægjanlega rannsakað og að andmælaréttur allra aðila málsins sé virtur, á öllum stigum þess.

Tvenns konar athugasemdir hafa borist frá nokkrum úr hópi kærðu varðandi málsmeðferðina. Annars vegar hafa þeir mótmælt því að kærandi hafi fengið að tjá sig um greinargerð kærðu og vilja að málið sé tekið til úrlausnar án þess að kærandi fái að tjá sig um svör kærðu við kærinni sem birtast í greinargerð þeirra. Jafnframt hafa þeir haldið fram að svo kölluð útilokunarregla ætti að gilda í málsmeðferðinni.

Í þessu sambandi vill nefndin undirstrika mikilvægi þess að málsmeðferðin sé vönduð, enda séu hagsmunir þýðingarmiklir og viðkvæmir, eins og að ofan greinir. Nefndin leggur áherslu á að gæta þurfi að jafnræði aðila og að allir aðilar hafi jafnan aðgang að upplýsingum og gögnum málsins, og hafi tækifæri til andmæla á öllum stigum þess. Það er mikilvægur hluti af því að mál sé nægjanlega vel upplýst og rannsakað. Slík málsmeðferð er einmitt í samræmi

við þær kröfur sem meginreglan um vandaða málsmeðferð gerir og má einmitt sjá hjá öðrum sambærilegum siðanefndum og stjórnáskrifunefndum.¹

Hvað varðar útilokunareglu, sem m.a. gæti komið í veg fyrir að aðilar komi að kröfum eða athugasemdum undir rekstri málsins, þá er það mat nefndarinnar að slík réttarfararegla gildi einmitt ekki í málsmeðferð sem þessari, enda getur hún beinlínis unnið gegn andmælareglu og rannsóknarreglu.² Markmið nefndarinnar er að leiða hið sanna og rétta ljós í hverju máli og er þar ekki bundin af málsástæðum eða lagarökum aðila. Hún verður jafnframt að gæta þess að aðili máls missi ekki af rétti, einungis vegna þess að hann eða hún hafi ekki horið fram réttar kröfur eða málsástæður. Slíkt væri of íþyngjandi fyrir aðila málsins. Jafnframt verður aðili máls, jafnt kærandi sem kærði, að hafa víðtækar heimildir til þess að koma að kröfum sínum, málsástæðum eða nýjum upplýsingum undir rekstri málsins.

Í þessu ljósi hefur nefndin því unnið á þeim grundvelli að tryggt sé að allir aðilar hafi fengið að tjá sig um röksemdir gagnaðila, sem og ekki byggt á útilokunareglu eða öðrum sambærilegum reglum sem eiga við rekstur einkamála fyrir dómstólum. Að því sögðu, þá er það mat siðanefndarinnar að betur færi á því að siðareglurnar og starfsreglur nefndarinnar geymi ítarlegri og að ákveðnu leyti skýrari reglur um málsmeðferð fyrir nefndinni.

2. Gildissvið siðareglanna.

Siðareglur RÚV sem eru settar af starfsfólki RÚV, tóku gildi árið 2016 og því nýlegar. Siðanefnd RÚV hefur t.a.m. ekki áður túlkað eða beitt 4. mgr. 3. gr. siðareglanna hvað varðar tjáningu á samfélagsmiðlum.

Með skráðum siðareglum eru orðuð þau siðferðilegu gildi og viðmið sem tiltekinn afmarkaður hópur fólks hefur að leiðarljósi í störfum sínum og framkomu. Siðareglum er ætlað að fanga sérstöðu þeirra verkefna sem einkenna þennan tiltekna hóp og þýðingu þeirra fyrir samfélagið. Þær fela jafnan í sér almenn grunngildi en lýsa jafnframt sértækum skyldum og ábyrgð sem einstaklingar bera í krafti hlutverks síns. Þannig leggja siðareglur iðulega, í ákveðnum atriðum, ríkari skyldur á herðar þeim sem undir þær gangast en öðrum. Að sama skapi hljóta siðareglur einstakra hópa að taka mið af almennum siðferðilegum gildum og ber að túlka þær í því ljósi að samræmi ríki þar á milli. Segja má að siðareglur eigi í senn að endurspeglar faglega sjálfsmynd ákveðins hóps sem og þær væntingar eða kröfur sem aðrir gera til hans. Gagnsemi þeirra veltur að verulegu leyti á því að einstaklingarnir samsami sig í reynd þeim faglegu og siðferðilegu sjónarmiðum sem reglurnar fela í sér. Þess vegna er lífandi umræða mikilvæg um eðli, hlutverk og forsendur siðareglanna.

Meginhlutverk siðareglanna er að styðja einstaklinga í að sinna störfum sínum af fagmennsku, metnaði, ábyrgð og heilindum. Þær eru hins vegar sjaldnast til þess fallnar að segja til um það

¹ Sjá um þessi sjónarmið m.a. dóm Hæstaréttar frá 17. nóvember 2005 í máli nr. 182/2005.

² Sjá sjónarmið um þetta, m.a. hjá Umboðsmanni Alþingis, í skýrslu hans fyrir árið 2014, bls. 23 https://www.umbodsmadur.is/assets/Skyrsla_UA_2014.pdf

nákvæmlega hvað beri að gera við ákveðnar aðstæður. Gild fagleg og siðferðileg sjónarmið togast gjarnan á og siðreglur geta aldrei losað einstaklinga undan þeirri ábyrgð að beita siðferðilegri dómgreind sinni. Þá er með skráðum siðareglum fyrir hendi viðurkenndur farvegur til þess að jafna ágreining með fyrirsjáanlegum og sanngjörnum hætti sem virðir sjónarmið þeirra sem hlut eiga að máli. Síðast en ekki síst eru skráðar siðareglur starfstétta mikilvæg forsenda þess að unnt sé að draga með skipulegum og uppbyggilegum hætti lærdóm af ágreiningi eða mistökum, sem byggja á sameiginlegri sýn einstaklinga á það hlutverk sem þeir gegna og gildi þess fyrir samfélagið í heild.

Starfsmenn RÚV, eins og aðrir borgarar, njóta stjórnarskrárvarins réttar til tjáningar, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og sá réttur jafnframt varinn í Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið hér á landi. Réttur til tjáningar er ríkur, en þó ekki takmarkalaus, hvorki hvað varðar fréttamenn RÚV né aðra borgara, ekki síst opinbera starfsmenn. Það er þó almennt viðurkennt að fjölmiðlar og fjölmiðlafólk gegni mikilvægu hlutverk í lýðræðisríki hvað varðar að miðla upplýsingum, sem almenningur jafnframt á rétt á að fá. Því ber að fara með gát þegar takmarkanir eru settar á tjáningarfrelsi blaða- og fréttamanna í lýðræðisþjóðfélagi.

Mikilvægt er að forðast árekstra milli laga um tjáningarfrelsi og siðareglna RÚV hvað varðar hlutverk, hlutleysi og starfshæfni til þess að tryggja trúverðuleika stofnunarinnar sem fjölmiðils. Siðareglurnar ættu að vera til þess að stuðla að góðum vinnubrögðum en ekki til þess að takmarka óhóflega tjáningarfrelsi starfsmanna sem vinna við fréttir og dagskrárgerð.

Stór hluti máls þessa varðar tjáningu, ummæli og deilingu tengda myndbandi Samherja, sem birtist 11. ágúst 2020. Í því fólust þungar áskanir á hendur nafngreindum fréttamönnum RÚV og í raun og veru á starfshætti fréttastofu RÚV. Í kjölfarið birti útvarpsstjóri og fréttastjóri sameiginlega yfirlýsingu, sem margir fréttamanna RÚV deildu á samfélagsmiðlum sínum, ásamt því sem Helgi Seljan fréttamaður birti eigin og ítarleg viðbrögð, sem aðrir fréttamenn RÚV deildu einnig á samfélagsmiðlum. Margir fréttamanna RÚV bættu og við deilingu yfirlýsinganna ummælum frá eigin brjósti.

Það er mat siðanefndar RÚV að tjáningarfrelsið, eins og það er varið af stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu, verði ekki takmarkað með siðareglum í þeim mæli að það teldist andstætt þeim að stíga fram og verja starfsheiður sinn eða starfsheiður fréttastofu. Í raun eru heilindi og traust mikilvægustu eiginleikar fréttamanns og fréttastofu og eðlilegt að séu þau dregin í efa að við því sé brugðist. Því verða fréttamenn og stjórnendur fréttastofu, sem slíkum ásökunum sæta, að hafa svigrúm til þess að svara þeim. Í þessu ljósi er það mat siðanefndar að 4. mgr. 3. gr. siðareglanna geti hvorki, né sé ætlað, að taka til þeirra tilvika sem varða viðbrögð við myndbandi kæranda dagana 11. og 12. ágúst 2020.

Með hliðsjón af ofangreindu er kröfu kæranda hvað þessi viðbrögð kærðu varðar vísað frá nefndinni. Um er að ræða öll ummæli, og deilingar eftir atvikum, **Rakelar Þorbergsdóttur, Sigmars Guðmundssonar, Stígs Helgasonar, Tryggja Aðalbjörnssonar og Þóru Arnórsdóttur** og er málið þeirra vísað frá að fullu.

Jafnframt er um að ræða ummæli, og deilingar eftir atvikum, **Aðalsteins Kjartanssonar, Freys Gígju Gunnarssonar, Helga Seljan, Láru Ómarsdóttur og Sunnu Valgerðardóttur**, dagana 11. og 12. ágúst 2020. Önnur ummæli þeirra verða skoðuð hér að neðan.

3. Túlkun siðareglanna.

Hvað varðar túlkun og beitingu 4. mgr. 3. gr. siðareglna RÚV, kemur fram í siðareglunum að 3. gr. þeirra sé ætlað að koma í veg fyrir hagsmunatengsl og hagsmunaárekstra. Þannig er henni ætlað að tryggja hlutleysi fréttamanna og fréttastofu RÚV, enda hlutlægni eitt af lagaskilyrðum sem gilda um starfsemi RÚV, sbr. t.d. 3. gr. laga nr. 23/2013 um *Ríkisútvarpið, fjölmiðils í almannahágu*. Siðareglunum er svo ætlað að stuðla að því að starfsmenn RÚV sem sinni umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrágerð taki ekki opinberlega afstöðu í umræðu um pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni, þ.á.m. á samfélagsmiðlum. Að sama skapi er nauðsynlegt að forðast árekstra milli laga um tjáningarfrelsi og siðareglna RÚV hvað varðar hlutverk, hlutleysi og starfshæfni, eins og að ofan greinir. Þannig gangi siðareglurnar ekki lengra en þörf er í ljósi þess tjáningafrelsis sem starfsmenn RÚV njóta, bæði í starfi og utan þess. Þetta telur siðanefndin að hafa beri sérstaklega í huga þegar túlka skal 4. mgr. 3. gr. siðareglanna. Það er mat siðanefndarinnar að greinina beri því að túlka þröngt, þannig að hún takmarki *ekki sérhverja tjáningu* og að *afstaða* þurfi að vera *skýr og persónuleg*, sem og varði umræðu um málefni sem *skýrlega* eru pólitísk eða *sannanlega* umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni. T.d. þá felst ekki sjálfkrafa afstaða eða skoðun í því að deila fréttum eða myndefni RÚV eða annarra aðila eða fjölmiðla, ekki síst þegar slík deiling er gerð án þess að leggja til eigin ummæli eða lyndistákn. Jafnframt yrði að játa fréttamönnum sem deila fréttum svigrúm til að fylgja þeim eftir með gagnrýnum spurningum eða ummælum, sambærilegum þeim sem þeir myndu viðhafa sem fréttamenn, jafnvel þó slíkt væri gert í eigin nafni. Eins og fram kemur hér að neðan, er þetta svigrúm þó ekki það vítt að það rúmi *skýra og persónulega afstöðu* í umræðu um málefni sem *skýrlega* eru pólitísk eða *sannanlega* umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni.

Það er afstaða nefndarinnar að umræða um þau málefni Samherja, kæranda málsins, sem hér eru til umfjöllunar, séu málefni sem séu sannanlega umdeild í þjóðfélagsumræðunni og að ákveðnu marki einnig pólitísk. Það á við um málefni hvað varðar móðurfélagið, dótturfélag, forsvarsmenn þess eða tengda starfsemi, sem varðar t.d. hið svo nefnda Namibíumál og Seðlabankamál, sem og tengd mál, t.d. er varða yfirtökuskyldu eigenda Samherja á hinu skráða félagi Eimskip.

4. Ummæli Snærósar Sindradóttur.

Siðanefnd hefur fengið staðfestingu frá útvarpsstjóra, dags. 24. mars 2021, þess efnis að Snærós Sindradóttir hafi ekki sinnt umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrágerð á

þeim tíma sem færð ummæli voru birt á samfélagsmiðlum hennar. Af þeirri ástæðu á 4. mgr. 3. gr. siðareglanna ekki við **og málinu vísað frá hvað ummæli Snærósar Sindradóttur varðar.**

5. Ummæli Freys Gígju Gunnarssonar.

Freyr Gígja Gunnarsson deilir frétt af Rúv.is um Samherja þann 13. nóvember 2019. Hann fylgir henni eftir með eftirfarandi ummælum: „Það er rétt að hafa þetta huga eftir yfirlýsingu Samherja, eiginlega bráðnauðsynlegt“.

Að mati siðanefndarinnar eru ummælin sett fram í samhengi fréttarinnar sem deilt er, einskona eftirfylgni hennar, þó hún sé gerð í eigin nafni. **Í ljósi þess sem að ofan greinir verður ekki talið að hér sé um að ræða skýra persónulega afstöðu, í umdeildu máli sem fari í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.**

6. Ummæli Láru Ómarsdóttur.

Lára Ómarsdóttir deilir tveimur fréttum um Samherja annars vegar af Rúv.is 12. nóvember 2019 og hins vegar af Stundinni 13. nóvember 2019. Hún bætir engum eigin ummælum við. Eins og ofan greinir er það skoðun siðanefndarinnar að ekki sé sjálfkrafa afstaða eða skoðun í því fölgjandi að deila fréttum eða myndefni RÚV eða annarra aðila eða fjölmiðla, ekki síst þegar slík deiling er gerð án þess að leggja til eigin ummæli eða lyndistákn. **Þessi deiling fréttu Láru Ómarsdóttir felur ekki í sér að mati siðanefndarinnar skýra persónulega afstöðu, í umdeildu máli sem fari í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.**

Lára Ómarsdóttir deilir jafnframt frétt um Samherja af Rúv.is 28. nóvember 2019. Hún fylgir henni eftir með eftirfarandi ummælum: „Þegar reynt er að afvegaleiða umræðuna er mikilvægt að halda staðreyndum til haga.“

Ummælin eru sett fram í samhengi fréttarinnar sem deilt er, eins konar eftirfylgni hennar, þó hún sé gerð í eigin nafni. **Í ljósi þess sem að ofan greinir verður ekki talið að hér sé um að ræða skýra persónulega afstöðu, í umdeildu máli sem fari í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.**

Lára Ómarsdóttir líkar (e. *like*) einnig við ummæli sem fram koma í kjölfarið. Hvað varðar „læk“ almennt, þá er það ekki sjálfgefið að þannig samsami fréttamaður sig að fullu með afstöðu þeirri sem í ummælunum felist, og í öllu falli ekki hægt að jafna við þau tilvik þegar fréttamaður sjálfur skrifar texta með eigin orðum. Að sama skapi verður að telja að *líki* fréttamanni við ummæli sem séu skýr og afdráttarlaus, þá kunni slíkt að geta falið í sér *skýra persónulega afstöðu*, sem gæti farið í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.

Hvað varðar þau ummæli sem Lára Ómarsdóttir líkar við, þá eru þau ekki þannig úr garði gerð að í þeim felist skýr afstaða í málefnum kæranda. Ummælin eru á víð og dreif og fjalla um ólíka hluti sem og óljósa persónulega reynslu ummælanda, og jafnframt nefna ekki nafn kæranda. Einnig kom fram í þeim hvatning til fréttamanna Kveiks. **Það verður því ekki talið að með því að líka við ummælin hafi Lára Ómarsdóttir hér tekið skýra og persónulega afstöðu í umdeildu máli sem fari í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.**

7. Ummæli Sunnu Valgerðardóttur

Sunna Valgerðardóttir deilir frétt um Samherja af Rúv.is þann 13. nóvember 2019. Hún fylgir henni eftir með eftirfarandi ummælum: „Það er þetta með fölsku forsendurnar.“

Ummælin eru sett fram í samhengi fréttarinnar sem deilt er, eins konar eftirfylgni hennar, þó hún sé gerð í eigin nafni. **Í ljósi þess sem að ofan greinir verður ekki talið að hér sé um að ræða skýra persónulega afstöðu, í umdeildu máli sem fari í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.**

8. Ummæli Aðalsteins Kjartanssonar

Ummæli Aðalsteins Kjartanssonar eru mörg og sett fram í samhengi þeirra fréttu sem hann er að deila. Hann deilir fréttum af Rúv.is en jafnframt fréttum annarra, m.a. af vefsíðu Samherja og fylgir þeim eftir með eigin ummælum. Ummæli hans eru oftast á spurnarformi, eins konar eftirfylgni með Kveikspáttunum, oft gagnrýnin og hafa einkenni rannsóknarblaðamennsku. Þau ganga þó ekki lengra en gert var í Kveikspáttunum. **Í ljósi þess sem að ofan greinir verður þó ekki talið að með ummælum hans við deilingu fréttu sé um að ræða skýra persónulega afstöðu, í umdeildu máli sem fari í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.**

Aðalsteinn Kjartansson deilir jafnframt fréttum og skoðunum annarra, án þess að bæta við eigin ummælum. Eins og að ofan greinir er það skoðun siðanefndarinnar að ekki sé sjálfkrafa afstaða eða skoðun í því fólgin að deila fréttum eða myndefni RÚV eða annarra aðila eða fjölmiðla, ekki síst þegar slík deiling er gerð án þess að leggja til eigin ummæli eða lyndistákn. Aðalsteinn Kjartansson deilir fréttum eða ummælum annarra með þeim hætti, sem að mati siðanefndarinnar **fela ekki í sér skýra persónulega afstöðu, í umdeildu máli sem fari í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.**

Þann 3. maí 2019, deilir Aðalsteinn Kjartansson ádeilumynd Þrándar Þórarinssonar listamanns sem nefnist „Samherji“. Eins og ofan greinir þá er slík deiling ekki sjálfkrafa talin fela í sér afstöðu og deiling Aðalsteins á ádeilumynd Þrándar ekki talin nægjanleg ein og sér til þess að hægt sé að fallast á að með því sé Aðalsteinn að samsama sig að fullu með ádeilu listamannsins Þrándar. **Því verður nefnd deiling ekki talin fela í sér skýra persónulega afstöðu í umdeildu máli sem fari í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.** Það verður þó að

taka fram að slík deiling ádeilulistar getur orkað tvímælis og kann að tefla hlutleysi fréttmanns í tvísýnu.

9. Ummæli Helga Seljan.

Ummæli Helga Seljan eru fjölmörg sett fram í samhengi þeirra fréttu sem hann er að deila en standa einnig mörg hver ein og sér, t.d. Twitter ummæli. Hann deilir fréttum af ýmsum miðlum, m.a. af vefsíðu Samherja og fylgir þeim eftir með eigin ummælum. Ummæli hans eru oft í spurnarformi, eins konar eftirfylgni á Kveikspáttunum, oft gagnrýnin og hafa einkenni rannsóknarblaðamennsku. **Í ljósi þess sem að ofan greinir verður ekki talið að með þessum ummælum hans sé um að ræða skýra persónulega afstöðu, í umdeildu máli sem fari í bága við 4. mgr. 3. gr. siðareglanna.**

Hins vegar eru þó nokkur ummæli Helga þannig að þau beinast persónulega gegn fyrirsvarsmönnum kæranda og varða jafnframt sum málefni ótengdum innihaldi Kveikspáttu. Þau eru á köflum í formi samtals, þar sem talað er beint, og stundum niður til forsvarsmanna kæranda eða eru sett fram í augljósri hæðni. Um er að ræða eftirfarandi ummæli, og eru ummæli sem nefndin gerir einkum athugasemdir við undirstrikuð:

Þann 15. nóvember 2019 birti Helgi Seljan samhljóða færslur á Facebook og Twitter sem segir: „Það er næsta aðdáunarvert að vitna hvernig blaðamaður Morgunblaðsins reynir að fönndra upp bjarghring utan um nýjan forstjóra Samherja í blaði dagsins, þegar hann spyr, eins og barn sem komið hefur að jólasveininum skegglausum, hvort Samherjamenn haldi ekki örugglega að það sé engin hætta á öðru en að Skattrannsóknarstjóri hafi haft öll gögn um afrikustarfsemina til rannsóknar áður, eftir húsleit frá 2012? Ég kann illa við að blasta því svona á þá félaga í aðdraganda aðventunnar, en tvennt gerir það að verkum að spurningin og svar forstjórans, meika engan sens: Fyrst vegna þess að meginhluti atburðanna sem um er rætt gerast eftir 2012. En svo og ekki síst sú staðreynd að húsleitinn fór fram á Íslandi og náði ekki til þeirra fyrirtækja sem um ræðir í afriku. En það má vona. Vonandi er þessi áréttning ekki of einhliða fyrir hinn ballanseraða forstjóra Samherja.“

Þann 26. nóvember 2019 birti Helgi Seljan færslu á Facebook þar sem segir: „Sæll Björgólfur Jóhannsson. Nú hef ég fylgst með þér fyrstu daga þína í starfi og vandræðum þínum við að höndla einfaldar staðreyndir um eignarhald fyrirtækisins sem þú nú stýrir; samanber þetta með Heinaste um daginn. En af því að ykkur virðist ekki auðlesið internetið er hér ein grein sem þú gætir byrjað á lesa gæskur. Þær eru mun fleiri og dramatískari; hrottafengnari lýsingarnar af afleiðingum þessa alls. <https://amabhungane.org/stories/namibian-fishing-industry-cries-foul-as-quota-handed-to-international-interests/> Þú þarft ekkert að biðja mig afsökunar samt.“

Þann 13. desember 2019 birti Helgi Selja færslu á Facebook þar sem segir: „Rosalega hlýtur þeim að líða vel með sig núna “andlitunum” sem tóku þátt í að rétta við ímynd þessa kompanís eftir að upp um það komst.“

Þann 6. apríl 2020 birti Helgi færslu á Facebook þar sem segir: „Hér er hún þá líklegast komin, stærsta efnahagsaðgerð íslenskra stjórnvalda vegna Covid-19.“ Og deilir þar með frétt af Kjarnanum.is með fyrirsögninni „Samherji fær að sleppa við yfirtökuskyldu á Eimskip“.

Þann 21. október 2020 birti Helgi Seljan svo færslu á Twitter þar sem hann segir: „Húrra fyrir Seðlabankastjóranum sem lét spila með sig...what a joke. Samherji aftur kominn yfir 30 prósent í Eimskip og gerir yfirtökutilboð

<https://kjarninn.is/frettir/2020-10-21-samherji-aftur-kominn-yfir-30-prosent-i-eimskip-og-gerir-yfirtokutilbod/>.

Þann sama dag birti Konráð S. Guðjónsson athugasemd við færsluna þar sem hann spyr Helga Seljan: „Er það ekki frekar hinsegin að því leyti að núna þarf Samherji að borga hærra verð? Gengið ca. 175 núna, var 150 11. mars – 17% hærra nú.“

Því svarar Helgi Seljan: „Verðið kemur málinu afskaplega lítið við. Það að þeim hafi verið heimilað að sleppa undan yfirtökuskyldu í mars, vegna Covid, var galið. Og sýnir sig núna að hafa verið hreinn fyrirláttur. Óvissa vegna Covid, tæpast minni nú en þá.“

Konráð S. Guðjónsson svarar Helga Seljan og segir: „Nú jæja. Án þess að hafa kynnt mér það skil ég ekki heldur af hverju hún hafi verið felld niður. Reyndar ósammála því að óvissan sé tæpast minni, nema maður líti á að óvissa sé ætíð sú sama og viðvarandi þar til við uppgötvum tímavélar.“

Því svarar Helgi Seljan: „Það er óumdeilt að í dag er álitid að áhrifin muni vara lengur en gert var í mars.“

Telja verður að með þessum ummælum sínum, sérstaklega þegar þau eru saman tekin, en þó ekki aðeins, hafi Helgi Seljan gerst hlutdrægur og gengið lengra en það svigrúm sem hann hafi annars til þess að deila fréttum og fylgja þeim eftir með gagnrýnum spurningum eða ummælum, sambærilegum þeim sem hann myndi viðhafa sem fréttamaður, jafnvel þó slíkt væri gert í eigin nafni. **Því er það mat siðanefndarinnar að í ofangreindum ummælum felist skýr og persónulega afstaða í málefni kæranda sem 4. mgr. 3. gr. siðareglanna er ætlað að taka til, og því um að ræða brot á greininni.**

Hvað varðar alvarleika brots Helga Seljan, verður að taka tillit til þess að þessum ákvæðum siðareglanna hefur ekki verið beitt fyrr, sem og að ekki virðast liggja fyrir skýrar leiðbeiningar frá RÚV um hvernig fréttamenn eigi að haga tjáningu sinni á samfélagsmiðlum. Á móti kemur að hér er um að ræða ítrekuð tilvik yfir langan tíma. Í því ljósi telur siðanefndin að brot Helga sé *alvarlegt*, á mælikvarða 7. gr. starfsreglna siðanefndarinnar (ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt).

Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá hvað varðar ummæli, og deilingar eftir atvikum, Aðalsteins Kjartanssonar, Freys Gígju Gunnarssonar, Helga Seljan, Láru Ómarsdóttur, Rakelar Þorbergsdóttur, Sigmars Guðmundssonar, Stígs Helgasonar, Sunnu Valgerðardóttur, Tryggja Aðalbjörnssonar og Þóru Arnórsdóttur, dagana 11. og 12. ágúst 2020, sem komu í kjölfar myndbands kæranda dags. 11. ágúst 2020.

Máli þessu er vísað frá hvað varðar Snærós Sindradóttur.

Ummæli og deilingar Freys Gígju Gunnarssonar, dags. 13. nóvember 2019, fela ekki í sér brot gegn 4. mgr. 3. gr. siðareglna RÚV.

Ummæli og deilingar Láru Ómarsdóttur, dags. 11., 12. og 28. nóvember 2019, fela ekki í sér brot gegn 4. mgr. 3. gr. siðareglna RÚV.


Ummæli og deilingar Sunnu Valgerðardóttur, dags. 13. nóvember 2019, fela ekki í sér brot gegn 4. mgr. 3. gr. siðareglna RÚV.

Ummæli og deilingar Aðalsteins Kjartanssonar, sem kærð eru, fela ekki í sér brot gegn 4. mgr. 3. gr. siðareglna RÚV.

Tilgreind ummæli Helga Seljan fela í sér *alvarlegt* brot gegn 4. mgr. 3. gr. siðareglna RÚV.

Reykjavík, 26. mars 2021

Gunnar Þór Pétursson



Páll Rafnar Þorsteinsson



Sigrún Stefánsdóttir

